



Persónuvernd

Ársskýrsla 2015

Ávarp forstjóra



Persónuvernd er falið það hlutverk að gæta hagsmuna almennings á Íslandi þannig að mannréttindi séu ekki brotin við vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Ör tækniþróun undanfarinna ára hefur leitt til stóraukinna og nýrra verkefna hjá Persónuvernd, því alltumlykjandi tæknin bankar hressilega upp á tilveru okkar á hverjum einasta degi og má með sanni segja að áskoranir á sviði persónuverndar hafi aldrei verið stærri.

Persónuvernd í miðri tæknibyltingu

Árið 2015 var mjög viðburðaríkt hvað persónuverndarmálefni varðar og stórum áfanga var náð til að tryggja aukinn rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs þegar pólitískt samkomulag náðist á lokametrum ársins um heildarendurskoðun á evrópskri persónuverndarlöggjöf. Tæknibylting undanfarinna ára hefur leitt til þess að nýjar hættur og ógnir steðja að vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þannig hafa tækniframfarir í stafrænu upplýsingasamfélagi umbylt því hvaða persónuupplýsingum er safnað, í hvaða tilgangi og hvernig er farið með þær. Hið svokallaða Internet allra hluta með snjalltækjanotkun fremsta í flokki og gríðargögn (e. Big Data) hafa opnað fyrir þann möguleika að kortleggja velflestar athafnir fólks. Þessi upplýsingaöflun er af áður óþekktri stærðargráðu og stóreykur möguleika á greiningu gagna, söfnun, varðveislu, uppfærslu, leit- og samnýtingu — í raun allri notkun og ráðstöfun gagna.

Hvers vegna ný persónuverndarlöggjöf?

Nú liggur fyrir að samþykktar hafa verið umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á evrópskri og þar af leiðandi íslenskrri persónuverndarlöggjöf í meira en 20 ár og hafið er tveggja ára innleiðingarferli fyrir aðildarríki Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu. Gildandi persónuverndarlöggjöf byggir á tilskipun frá árinu 1995. Á þeim tíma hafði 1% íbúa jarðar aðgang að Interneti en nú hafa 40% þeirra slíkan aðgang. Snjallsímar og samfélagmiðlar voru ekki til og markaðssetning byggðist ekki á því að greina hegðun okkar og venjur. Hús og bílar voru ekki orðin „sjálfvirk“ og engin öpp eða búnaður safnaði umfangsmiklum persónuupplýsingum um okkur á örskotsstundu í óljósum tilgangi. Nauðsyn þess að endurskoða regluverkið var því brýn og að sama skapi var vilji til þess að samræma reglur um persónuvernd í Evrópu. Við hér á Íslandi erum ekki ein um þessar hugleiðingar, því samkvæmt „Eurobarometer“, sem birtur er á vegum Evrópusambandsins (júní 2015), hafa 70% íbúa í Evrópu áhyggjur af vernd persónuupplýsinga á tækniöld.

Einstaklingurinn í forgrunni

Nýja löggjöfin mun styrkja rétt til persónuverndar, sem telst til grundvallarréttinda í Evrópu, og byggja upp traust hjá borgurunum þegar þeir afhenda persónuupplýsingar sínar. Hinar nýju reglur munu gera einstaklingum kleift að hafa meiri stjórn á persónuupplýsingum sínum og þá

sérstaklega með því að einfalda aðgengi einstaklinga að sínum eigin upplýsingum, auðvelda flutning persónuupplýsinga milli þjónustuveitenda, skýra rétt einstaklinga til að gleymast þegar þeir óska eftir því að ekki verði lengur unnið með persónuupplýsingar þeirra og kveða á um rétt einstaklinga til vitneskju um það hvenær misfarið hefur verið með upplýsingar um þá.

Áhrif nýrra reglna um persónuvernd á starfsemi fyrirtækja

Nýrri persónuverndarlöggjöf er ætlað að efla hinn stafræna innri markað Evrópu með því að tryggja öryggi í þjónustu sem veitt er yfir netið og veita fyrirtækjum réttarvissu (e. legal certainty) sem byggist á skýrum og samræmdum reglum. Þannig munu sömu reglur gilda í Evrópu og samstarf persónuverndarstofnana mun aukast til muna, m.a. með það að markmiði að einfalda umsýslu fyrirtækja. Ein stærsta breytingin felst hins vegar í því að sektarheimildir verða stórauðar. Þannig verður heimilt að sekta fyrirtæki sem gerast brotleg við persónuverndarlög um sem nemur allt að 4% af árlegri heildarveltu þeirra, eða 20 millj. evra.

Staða Persónuverndar

Málafjöldi Persónuverndar hefur nærri þrefaldast frá árinu 2002, þrátt fyrir nær sama starfsmannafjölda, þ.e. sex sérfræðinga. Alls hafði Persónuvernd til meðferðar 1.961 mál á árinu 2015. Um 90 lagabálkar kveða á um lögbundin verkefni stofnunarinnar og fyrir liggur að endurskoðuð persónuverndarlöggjöf eykur mjög verkefni og skyldur Persónuverndar, m.a. hvað varðar samvinnu við aðrar persónuverndarstofnanir í Evrópu. Það er því gríðarlega mikilvægt að stofnuninni sé gert kleift að sinna lögbundnum verkefnum – til að standa vörð um persónuvernd til handa landsmönnum öllum.

Lokaorð

Málefni persónuverndar hafa stóruð að vægi undanfarin ár, enda ljóst að tæknin hefur umbylt daglegu lífi okkar – og gert persónuupplýsingar að dýrmætri söluvöru. Þungamiðjan í nýrri evrópskri persónuverndarlöggjöf er aukin réttarvernd einstaklinga. Að sama skapi eru umtalsvert auknar skyldur til að tryggja persónuvernd lagðar á fyrirtæki og stofnanir. Sú virðing sem með þessu er borin fyrir réttindum einstaklinga í Evrópu er glæsileg niðurstaða af margra ára samningaviðræðum allra hlutaðeigandi aðila. Útgangspunkturinn er betra samfélag, þar sem einstaklingnum er gefinn kostur á að stjórna eigin persónuupplýsingum í mun ríkari mæli en nú er. Þannig má segja að löggjafinn sé hér í fararbroddi við að tryggja samfélag þar sem grundvallarréttindi einstaklinga til friðhelgi einkalífs eru tryggð. Að sama skapi styrkir löggjöfin starfsemi fyrirtækja með því að einfalda umsýslu í málum sem teygja anga sína milli landa í Evrópu. Þessi breyting mun leiða til mikils sparnaðar fyrir fyrirtæki, sérstaklega þau sem starfa á fleiri en einum markaði – en að sama skapi er kynnt til sögunnar víðtæk heimild persónuverndarstofnana í Evrópu til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem fara ekki að lögnum. Ljóst er að fyrirtæki sem setja friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga í öndvegi við vörupróun og alla meðhöndlun gagna munu öðlast samkeppnisforskot og verða þau fyrirtæki sem almenningur vill eiga viðskipti við.

*Júlí 2016
Helga Þórisdóttir*

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Efnisyfirlit	4
1. Almenn	7
1.1. Persónuvernd.....	7
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2015.....	7
1.3. Um starfið árið 2015.....	7
1.4. Um fjárreiður 2015.....	9
2. Hlutverk Persónuverndar	11
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar.....	11
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar.....	11
2.3. Um úttektir	12
3. Nánari umfjöllun um ýmis mál	13
3.1. Veitt leyfi 2015.....	13
3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.	13
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði.....	13
3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna.....	15
3.2. Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar.....	15
3.2.1. Úrskurður um opið netfang þrátt fyrir starfslok - mál nr. 2014/884.....	15
3.2.2. Úrskurður um miðlun í skuldastöðukerfi - mál nr. 2014/753.....	16
3.2.3. Úrskurður um uppflettingu í afskriftalista - mál nr. 2014/999.....	16
3.2.4. Álit á miðlun persónuupplýsinga frá VIRK til lífeyrissjóða - mál nr. 2014/1769.....	16
3.2.5. Úrskurður um miðlun gagna um hælisleitanda - 2014/1779.....	16
3.2.6. Ákvörðun um öryggi persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1470.....	17
3.2.7. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1474	17
3.2.8. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1541	17
3.2.9. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1684	18
3.2.10. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1715	18
3.2.11. Úrskurður um ábendingarhnapp TR - mál nr. 2014/1068.....	19
3.2.12. Úrskurður um ábendingarhnapp TR - mál nr. 2014/832.....	19
3.2.13. Úrskurður um miðlun upplýsinga um lífeyrisréttindi - mál nr. 2014/1151.....	20

3.2.14. Úrskurður um sendingu smáskilaboða frá innheimtufyrirtæki - mál nr. 2014/1183.....	20
3.2.15. Úrskurður um spurningalista í tengslum við samræmd próf - mál nr. 2014/1365.....	20
3.2.16. Úrskurður um öflun netfangs í þágu markaðssetningar - mál nr. 2014/1278.....	21
3.2.17. Álit um miðlun launaseðlaupplýsinga - mál nr. 2014/1719.....	21
3.2.18. Úrskurður um upplýsingar um greiðsluadlögun við gerð lánsþéttmats - mál nr. 2014/1524.....	21
3.2.19. Úrskurður um að uppfletting í vanskilaskrá hafi verið óheimil - mál nr. 2015/394.....	22
3.2.20. Úrskurður um miðlun upplýsinga til ábyrgðarmanns - mál nr. 2015/466.....	22
3.2.21. Úrskurður um að uppfletting í vanskilaskrá hafi verið heimil - mál nr. 2014/1397.....	22
3.2.22. Úrskurður um miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá - mál nr. 2014/789.....	23
3.2.23. Úrskurður um ósk um vitneskju um tilkynnanda - mál nr. 2014/1740.....	23
3.2.24. Úrskurður um símhringingar stúdentahreyfinga vegna kosninga - mál nr. 2015/129.....	23
3.2.25. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í greinargerð um einelti - mál nr. 2014/1744.....	24
3.2.26. Álit um gagnamóttöku sérfræðinefndar - mál nr. 2015/748.....	24
3.2.27. Úrskurður um miðlun netfangs með tölvupósti - mál nr. 2015/590.....	25
3.2.28. Úrskurður um meðferð tölvupósts og birtingu mynda á samfélagsmiðli - mál nr. 2014/1631.....	25
3.2.29. Úrskurður um miðlun upplýsinga um umdeilda skuld - mál nr. 2015/138.....	26
3.2.30. Úrskurður um öflun fyrirtækis á lánsþéttmatsi - mál nr. 2014/1749.....	26
3.2.31. Ákvörðun um skráningu netfanga á tölvupóstfangalista - mál nr. 2014/1662.....	26
3.2.32. Úrskurður um sendingu valgreiðslukrafna í netbanka - mál nr. 2015/711.....	27
3.2.33. Ákvörðun um beiðni um endurupptöku máls - mál nr. 2014/1744.....	27
3.2.34. Úrskurður um miðlun upplýsinga um skuldastöðu - mál nr. 2015/908.....	27
3.2.35. Álit um miðlun upplýsinga um heimilisfang - mál nr. 2015/1041.....	28
3.2.36. Úrskurður um miðlun vegna þjónustukannana - mál nr. 2015/1012.....	28
3.2.37. Álit um vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor - mál nr. 2015/1203.....	28
3.2.38. Úrskurður um sendingu tölvupósta frá grunnskóla til foreldra - mál nr. 2015/448.....	29
3.2.39. Ákvörðun um sjónvarpsvöktun á samþýli - mál nr. 2015/647.....	30
3.2.40. Úrskurður um uppflettingar í vanskilaskrá - mál nr. 2015/895.....	30
3.2.41. Úrskurður um meðferð persónuupplýsinga úr LÖKE - mál nr. 2015/503.....	30
3.2.42. Úrskurður um miðlun upplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands – mál nr. 2015/526.....	31
3.2.43. Úrskurður um nafnbirtingu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins – mál nr. 2015/920.....	31
3.2.44. Úrskurður um miðlun á greiðslukortanúmeri – mál nr. 2015/793.....	31
3.2.45. Úrskurður um beiðni um uppl. vegna umsóknar um sérstakar húsaleigubætur – mál nr. 2015/648.....	32
3.2.46. Álit um notkun RAI-matsupplýsinga við afgreiðslu umsókna um þjónustuíbúðir - mál nr. 2015/183.....	32
3.2.47. Úrskurður um rafræna vöktun við atvinnuhúsnæði - mál nr. 2014/1117.....	32
3.2.48. Úrskurður um vinnslu upplýsinga um símtöl starfsmanna – mál nr. 2015/241.....	33

3.2.49. Ákvörðun um frávísun máls um meinta fölsun á umboði – mál nr. 2014/1109	33
3.2.50. Álit um notkun kennitalna til uppflettingar – mál nr. 2015/905	34
3.2.51. Úrskurður um umboð til upplýsingaöflunar – mál nr. 2015/586.....	34
3.2.52. Úrskurður um andmæli við vinnslu í þágu vísindarannsókna – mál nr. 2015/259.....	34
3.2.53. Úrskurður um vinnslu upplýsinga um láns hæfismat – mál nr. 2014/1750	35
3.2.54. Úrskurður um afhendingu á svörum um vitræna getu – mál nr. 2015/863.....	35
4. Erlent samstarf	36
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	36
4.2. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	36
4.3. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	37
4.4. Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA á sviði persónuverndar.....	38
4.5. Alþjóðlegt samstarf	38
5. Ýmislegt fréttæmt	39
5.1. Umfangsmiklar endurbætur á evrópskri og íslenskri persónuverndarlöggjöf.....	39
5.2. Um málþing Persónuverndar, haldið þann 28. janúar 2015	39
5.3. Persónuvernd fyrirmyndarstofnunar 2015.....	40
5.4. 89 sóttu um stöðu lögfræðings hjá Persónuvernd	40
5.5. Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um öruggar hafnir dæmd ógild af Evrópudómstólnum	40
5.6. Upplýsingar til hlutaðeigandi fyrirtækja um „Safe harbour“-dóm Evrópudómstólsins.....	41



Persónuvernd

1. Almennt

1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2015

Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og varaformaður stjórnar, Haraldur Briem sóttvarnarlæknir, Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður og Sigrún Gunnarsdóttir, formaður Skýrslutæknifélagsins. Varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður, Vilhelmína Haraldsdóttir læknir, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri frá Skýrslutæknifélagi Íslands.

Skipaður forstjóri stofnunarinnar til 31. ágúst 2015 var Sigrún Jóhannesdóttir (í leyfi frá 1. apríl 2013). Hjördís Stefánsdóttir var settur forstjóri í eitt ár frá 1. apríl 2014 til 31. mars 2015 og lét þá af störfum. Innanríkisráðherra setti Ölmur Tryggvadóttur forstjóra til fimm mánaða frá 1. apríl 2015.

Innanríkisráðherra skipaði Helgu Þórisdóttur forstjóra Persónuverndar til fimm ára frá 1. september 2015.

Skrifstofustjóri var Kolbrún B. Bjarnadóttir (í leyfi frá 1. október 2015). Sóley Sverrisdóttir hafði umsjón með málaskráningu Persónuverndar frá 28. september 2015 til ársloka.


Skrifstofustjóri lögfræðisviðs var Þórður Sveinsson. Starfandi lögfræðingar voru Alma Tryggvadóttir, Helga Grethe Kjartansdóttir (lét af störfum 1. október 2015), Helga Sigríður Þórhallsdóttir (hóf störf 1. desember 2015), Teitur Skúlason og Vigdís Eva Líndal (í leyfi frá 11. nóvember 2015). Leifur V. Gunnarsson laganemi var í námsvist hjá stofnuninni frá 17. desember 2015 og fram á nýtt ár.

Alma Tryggvadóttir tók við sem skrifstofustjóri upplýsingaöryggis 1. október 2015 af Þorsteini Arnalds sem þá lét af störfum.

1.3. Um starfið árið 2015

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er fimmtánda ársskýrsla Persónuverndar. Skýrslan er nú í fyrsta sinn einungis birt á rafrænu formi.


Nokkur breyting varð á skráningu mála á árinu 2015 en í upphafi ársins tóku gildi ný lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014. Ný skráð mál á árinu 2015 voru samtals 1.754 talsins en á árinu voru jafnframt til afgreiðslu 207 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 1.961 mál á árinu. Þar af höfðu 1.712 mál verið afgreidd við árslok 2015. Vegna framangreinds var lítil breyting á málafjölda hjá Persónuvernd á milli árana 2014 og 2015. Hins vegar liggur fyrir að málaföldi hjá Persónuvernd hefur þrefaldast frá árinu 2002.



Á árinu 2015 bárust Persónuvernd 448 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir nýskráðra mála 2015 og fjölda þeirra:

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	121
Frumkvæðismál	28
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	468
Mál vegna vísindarannsókna	395
Fyrirmæli vegna vísindarannsókna	16
Innri mál	30
Kvartanir/kærur/úrskurðir	81
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	29
Leyfisumsóknir	27
Mál vegna tilkynninga	448
Smíði stjórnvaldsreglna	33
Úttektarmál	4
Veitt leyfi	9
Umsóknir	3
Annað	62
Samtals	1754

Tegundir mála árið 2015



1.4. Um fjárreiður 2015

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum samtals 94,5 millj. kr. Rekstrarafgangur frá árinu 2014 var rúmar 4,6 millj. kr. Sértekjur ársins námu tæpum 2,4 millj. kr., sem komu til vegna vistaskiptasamninga við forsætisráðuneyti um forstjóra stofnunarinnar. Til ráðstöfunar á árinu voru samtals 96,9 millj. kr. en gjöld stofnunarinnar námu alls 103,7 millj.kr. Rekstrartap ársins nam því 6,8 millj. kr. Tap ársins skýrist aðallega af biðlaunarétti fráfarandi skipaðs forstjóra. Í upphafi árs var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð um 9,7 millj. en í lok árs neikvæð um 1,2 millj. kr.

Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2015

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

Ársreikningur A-hluta aðila í þús. kr.

06 251 Persónuvernd

Rekstrarreikningur	Reikningur	Reikningur	Fjárheimildir ársins	Efnahagsreikningur	
	2015	2014	2015	Reikningur	Reikningur
				2015	2014
Rekstrarreikningur					
Tekjur					
Sértekjur.....	2.385	10.383	3.000		
Tekjur samtals.....	2.385	10.383	3.000		
Gjöld					
Almennur rekstur.....	103.689	96.691	97.500		
101 Persónuvernd.....	103.689	96.691	97.500		
Gjöld samtals.....	103.689	96.691	97.500		
Tekjur umfram gjöld.....	-101.304	-86.307	-94.500		
Framlag úr ríkissjóði.....	94.500	89.700	94.500		
Hagnaður/tap ársins.....	-6.804	3.393	-		
Sjóðsstreymi					
Hagnaður/tap ársins.....	-6.804	3.393			
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda					
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-127	-			
Breyting skammtímaskulda.....	-3.945	4.884			
Handbært fé frá rekstri.....	-10.876	8.277			
Fjármögnunarhreyfingar					
Framlag ríkissjóðs.....	-94.500	-89.700			
Greitt úr ríkissjóði.....	105.376	81.423			
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	10.876	-8.277			
Eignir					
Veltufjármunir					
Inneign hjá ríkissjóði.....	-				9.697
Skammtímakröfur aðrar.....	127	-			-
Veltufjármunir samtals.....	127	9.697			
Eignir samtals.....	127	9.697			
Skuldir og eigið fé					
Eigið fé					
Höfuðstóll					
Staða í ársbyrjun.....	4.622	1.230			
Hagnaður/tap ársins.....	-6.804	3.393			
Höfuðstóll í árslok.....	-2.182	4.622			
Eigið fé í árslok.....	-2.182	4.622			
Skammtímaskuldir					
Skuld við ríkissjóð.....	1.180	-			
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.130	5.074			
Skammtímaskuldir samtals.....	2.309	5.074			
Skuldir samtals.....	2.309	5.074			
Skuldir og eigið fé.....	127	9.697			

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna, leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer stofnunarinnar er 510-9600, faxnúmerið er 510-9606 og netfangið er postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um stofnunina, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni og reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur allajafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tilkynna Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is. Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga, nr. 110/2000, og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

2.3. Um úttektir

Samkvæmt 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og yfirfara skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft og tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Jafnan er reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

Persónuvernd framkvæmdi fjórar úttektir á árinu 2015, m.a. á vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor sem nánar er fjallað um í kafla 3.2.37.

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2015. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

3.1. Veitt leyfi 2015

3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Persónuvernd gaf út nýtt starfsleyfi, dags. 28. desember 2015, handa Creditinfo Lánstrausti hf. til vinnslu fjárhagsupplýsinga um *einstaklinga*. Leyfið gildir til 31. desember 2016.

Áður útgefið starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. til vinnslu upplýsinga um *lögðila* gildir til 19. desember 2016.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Þann 1. janúar 2015 tóku gildi lög nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Með þeim lögum var leyfisskylda hjá Persónuvernd til aðgangs að sjúkraskrár felld niður og er nú eingöngu á hendi vísindasiðanefndar eða siðanefndar heilbrigðisrannsókna að veita slík leyfi. Stofnunin fær þó allar umsóknir um aðgang til umfjöllunar og getur stöðvað afgreiðslu þeirra, telji hún þörf á því, sbr. 13. gr. framangreindra laga.

Samkvæmt framangreindu hefur Persónuvernd ekki gefið út leyfi til aðgangs að sjúkraskrár frá 1. janúar 2015, að því undanskildu að stofnunin hefur afgreitt þær leyfisumsóknir sem bárust fyrir gildistöku laga nr. 77/2014. Leyfin eru talin upp í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2013/1476 – Sigrúnu Reykdal, sérfræðilækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Eigin stofnfrumuigræðsla á Landspítala - fyrstu tíu árin. Úttekt á árangri meðferðar 2004-2013“.

2014/941 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. var veitt leyfi til aðgangs að tilteknum upplýsingum í lyfjagagnagrunni landlæknis í þágu rannsóknarinnar „Erfðir astma og ofnæmis“.

2014/955 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis í þágu „Rannsóknar á erfðum þrálátra verkja“.

2014/976 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis í þágu „Rannsóknar á erfðum mígrenis“.

2014/1413 – Gísli H. Sigurðssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Faraldsfræði og árangur bráðra líffærabíla eftir skurðaðgerðir á Íslandi“.

2014/1441 – Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hvað einkennir sjúklinga með sykursýki í heilsugæslunni og árangursmat á skipulagðri sykursýkismóttöku“.

2014/1561 – Einari S. Björnssyni, prófessor og yfirlækni á meltingardeild, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og Krabbameinsskrá í þágu rannsóknarinnar „Horfur ristil- og endaparmskrabbameinssjúklinga á blóðþynningu“. Þá var landlækni veitt heimild til samkeyrslu upplýsinga við lyfjagagnagrunn í þágu sömu rannsóknar.

2014/1705 – Þjóðbjörgu Guðjónsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá á Landspítala í þágu rannsóknarinnar „Áhrif lyfsins Fampyra á göngugetu fólks með Multiple Sclerosis (MS)“.

2014/1709 – Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Brottnám á blöðruhálskirtli með aðstoð þjarks á Íslandi: Áhrif legu og bólstrunar sjúklinga í aðgerð á útkomur þeirra eftir aðgerð“.

2014/1741 – Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár Íslands, var veitt leyfi til að samkeyra skrár sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Um er að ræða upplýsingar úr krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands sem samkeyrðar verða við heilsusögubanka Krabbameinsfélagsins í þágu rannsóknarinnar „Tengsl brjóstakrabbameins og hormónatengdra þátta“.

2014/1746 – Þórði Þorkelssyni var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá á Landspítala í þágu rannsóknarinnar „Vöxtur og þroski minnstu fyrirburanna“.

2014/1748 – Ingibjörgu J. Guðmundsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og flutnings lífsýna úr landi vegna rannsóknarinnar „Fjölsetra, opin framhaldsrannsókn til að meta öryggi og verkun Evolocumabs við langtímanotkun“.

2014/1757 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Vélhjólslýs á Íslandi 2008-2014“.

2014/1770 – Magnúsi Gottfredssyni, lækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Liðsýkingar á Íslandi“.

2014/1773 – Guðmundi Geirssyni, þvagfæraskurðlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá, sem og aðgangs að Krabbameinsskrá, vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Krabbamein í penis á Íslandi síðastliðin 25 ár. Nýgengi og lífshorfur“.

2014/1777 – Kristínu Huld Haraldsdóttur, skurðlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Gallblöðrukrabbamein á Íslandi, árin 2004-2013“.

2015/18 – Ástríði Pálsdóttur, Dr. phil í lífefnafræði, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og dánarmeinaskrá landlæknis vegna rannsóknarinnar „Mat á lifun forfeðra einstaklinga með Marfan heilkenni“.

2015/53 – Sveinbirni Gizurarsyni, prófessor við lyfjafræðideild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum frá meinafræðideild Landspítalans vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Æðavíkkun spirálæða í legi eftir meðhöndlun með PP13 og asperíni“.

2015/459 – Landlækni var veitt leyfi til samkeyrslu tiltekinna upplýsinga úr krabbameinsskrá og vistunarskrá heilbrigðisstofnana, en landlæknir ber ábyrgð á báðum skráum. Fer samkeyrslan fram í þeim tilgangi að auka þekjun og nákvæmni skráningar í krabbameinsskrá á árunum 2010-2014.

3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en þeirra sem voru á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2014/1532 – Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur, lektor í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum frá Tryggingastofnun og upplýsingum úr skattgrunnskrá frá Hagstofu Íslands, sem og til samkeyrslu framangreindra gagna, vegna rannsóknarinnar „Áhrif fötlunar og langvinnra veikinda barna á tekjur foreldra“.

2015/248 – Hafdísí Gísladóttur, laganema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá barnaverndarnefndum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Mosfellsbæjar vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hvaða sjónarmið liggja að baki ákvörðunum um skipun talsmanns, sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002“.

2015/468 – Dagbjarti Gunnari Lúðvíkssyni, meistaraneama í lögfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá innanríkisráðuneytinu vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sönnun og sönnunarmat í stjórnsýslunni“.

2015/773 – Kristínu Svövu Tómasdóttur var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands í þágu rannsóknarinnar „Stund klámsins“.

2015/1026 – Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur verkefnastjóra, f.h. Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fjölgun ungs fólks í hópi öryrkja“.

2015/1082 – Tinnu Björgu Sigurðardóttur, verkefnastjóra deildar gæða og rannsókna hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Félagsbústöðum ehf. vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrif einstaklinga sem bornir hafa verið út úr félagslegu húsnæði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar“.

2015/1237 – Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var veitt leyfi til vinnslu upplýsinga úr málaskrá Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þágu rannsóknarinnar „Þróun ofbeldis í ljósi reglubreytinga um opnunartíma veitinga- og skemmtistaða í miðborg Reykjavíkur, tímabilið 1999 til 2015“.

2015/1432 – Katrínu Ákadóttur, sagnfræðinema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum úr gögnum Þjóðskjalasafns Íslands varðandi styrkþega framfærslustyrks á Íslandi árið 1939 í þágu verkefnisins „Rannsókn á högum styrkþega framfærslustyrks á Íslandi árið 1939“.

3.2. Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar

3.2.1. Úrskurður um opið netfang þrátt fyrir starfslok - mál nr. 2014/884

Persónuvernd barst kvörtun frá [A], dags. 3. júní 2014, yfir því að netfang hennar hjá Bus Hostel ehf. væri enn virkt þrátt fyrir að hún væri þar ekki lengur starfsmaður. Aðgangsorði hefði verið breytt í stað þess að loka netfanginu og væri póstur sem þangað bærast áframsendur á hið almenna netfang fyrirtækisins.

Persónuvernd úrskurðaði að umsýsla Bus Hostel ehf. vegna vinnutölvupósthólfs [A] við starfslok hennar hefði ekki samrýmst 4. mgr. 9. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga, sem til verða við rafræna vöktun.

Nánari útlístun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.2. Úrskurður um miðlun í skuldastöðukerfi - mál nr. 2014/753

Persónuvernd barst kvörtun frá [A], dags. 30. apríl 2014, yfir því að Íbúðalánasjóður hefði ekki fjarlægt úr lánayfirliti hjá Creditinfo Lánstrausti hf. tilteknar, fyrndar kröfur á hendur honum þrátt fyrir beiðni hans þar að lútandi. Fyrir lá að kvartandi varð gjaldþrota árið [...], en samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. lög nr. 142/2010, fyrnast kröfur á tveimur árum frá því að gjaldþrotaskiptum lýkur. Þá lá fyrir að um var að ræða upplýsingar sem Íbúðalánasjóður miðlaði í skuldastöðukerfi Lánstrausts hf., en slík miðlun á sér stað þegar fyrir liggur beiðni hins skráða þar að lútandi í tengslum við lánafyrirgreiðslu. Verða þá upplýsingar úr kerfinu, sem í það hefur verið miðlað samkvæmt beiðninni, aðgengilegar þeim sem sótt er um lánafyrirgreiðslu hjá.

Persónuvernd úrskurðaði að Íbúðalánasjóði hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um kröfur á hendur [A], sem til urðu fyrir gjaldþrotaskipti á búi hans, í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Nánari útlístun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.3. Úrskurður um uppflettingu í afskriftalista - mál nr. 2014/999

Persónuvernd barst kvörtun frá [A], dags. 2. júlí 2014, yfir því að Ergo – fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka hefði flett upp nafni hans í afskriftalista Glitnis vegna umsóknar sambýliskonu hans um yfirtöku á bílaláni. Taldi kvartandi uppflettinguna hafa verið tilefnislaus, enda hafi ekki staðið til að hann tæki á sig fjárhagslegar skuldbindingar.

Persónuvernd úrskurðaði að uppfletting Ergo á nafni mannsins í afskriftalista Glitnis, þegar sambýliskona hans sótti um yfirtöku á bílaláni, hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlístun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.4. Álit á miðlun persónuupplýsinga frá VIRK til lífeyrissjóða - mál nr. 2014/1769

Þann 29. október 2014 barst Persónuvernd tölvupóstur þar sem framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) óskaði eftir fundi með Persónuvernd. Tilefni fundarins var fyrirhuguð vinnsla persónuupplýsinga sem fela átti í sér aðgang lífeyrissjóða að upplýsingakerfi VIRK til að þeir gætu fylgst með framvindu starfsendurhæfingar sjóðsfélaga sinna hjá VIRK. Af þeirri ástæðu óskaði VIRK eftir afstöðu Persónuverndar til túlkunar á 12. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða og þess hvort upplýst samþykki einstaklinga sem notast við þjónustu VIRK gæti heimilað slíkan aðgang fyrirnefndra lífeyrissjóða að upplýsingum VIRK.

Persónuvernd veitti álit um að fyrirhuguð meðferð persónuupplýsinga hjá starfsendurhæfingarsjóði væri ekki í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlístun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.5. Úrskurður um miðlun gagna um hælisleitanda - 2014/1779

Tilefni þess að Persónuvernd tók mál þetta til skoðunar var fjölmiðlaumfjöllun um miðlun upplýsinga frá Lögreglunni á Suðurnesjum til annars af aðstoðarmönnum innanríkisráðherra hinn 20. nóvember 2013 um málefni hælisleitandans [A], en fram kom að þann dag hefði aðstoðarmaðurinn óskað eftir upplýsingunum í símtali við þáverandi lögreglustjóra.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að miðlun Lögreglunnar á Suðurnesjum á skýrsludrögum til

ráðuneytisins hefði ekki stuðst við fullnægjandi heimild. Þá taldi stofnunin hið sama eiga við um öflun ráðuneytisins á drögunum. Skort á skráningu umræddra samskipta hjá Lögreglunni á Suðurnesjum og ráðuneytinu taldi Persónuvernd auk þess fara í bága við kröfur um upplýsingaöryggi, sbr. ákvæði laga nr. 77/2000 þar að lútandi. Þá lá fyrir að við miðlun skýrsludraganna var ekki beitt sérstökum ráðstöfunum á borð við dulkóðun eða læsingu með sterku lykilorði. Taldi Persónuvernd það einnig fara í bága við kröfur um upplýsingaöryggi.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.6. Ákvörðun um öryggi persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1470

Þann 28. október 2014 hóf Persónuvernd athugun að eigin frumkvæði í kjölfar fréttáflutnings um afhendingu á skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, með heitinu „Samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008-2011“, til þriðju aðila, en skýrslan innihélt m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar fengnar úr málaskrárkerfi lögreglu, LÖKE.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að öryggi vinnslu persónuupplýsinga í samantekt lögreglu á skipulagi við mótmælin 2008-2011 hefði ekki verið nægilega tryggt.

Frumkvæðisathugun Persónuverndar beindist ekki að lögmæti umræddrar vinnslu persónuupplýsinga en stofnunin hefur hins vegar, með úrskurðum í málum nr. 2014/1474, 2014/1541, 2014/1681 og 2014/1715, frá 25. febrúar 2015, komist að niðurstöðum þar að lútandi varðandi vinnslu persónuupplýsinga um viðkomandi kvartendur.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.7. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1474

Þann 27. október 2014 barst Persónuvernd tölvubréf frá [A] vegna vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga um hana í skýrslu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, „Samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008-2011“. Í tölvubréfinu óskaði kvartandi eftir því að Persónuvernd tæki til skoðunar hvers vegna nafn hennar væri bendlað við ýmsa lögreglumenn í opinberum skjölum, sem dreift hefði verið víða. Þann 29. október 2014 staðfesti kvartandi, með símtali við starfsmann Persónuverndar, að líta mætti á erindi hennar sem formlega kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga um hana.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið heimil skráning persónuupplýsinga um [A] í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE. Vinnsla upplýsinganna í skýrslu um skipulag lögreglu í mótmælunum 2008-2011 samrýmdist hins vegar ekki kröfum um öryggi persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.8. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1541

Þann 4. nóvember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga um hann í skýrslu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, „Samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008-2011“. Í kvörtuninni segir m.a. að á bls. 224-225 í fyrrnefndri skýrslu komi fram ósannindi um kvartanda og viðhorf hans. Þá segir að kvörtunin líti að því að lögregla hafi skráð og dreift á opinberum vettvangi, m.a. til fjölmiðla, persónuupplýsingum um kvartanda, viðhorf hans og hegðun sem standist ekki þá lágmarkskröfu að vera réttar.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið heimil skráning persónuupplýsinga um [A] í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE. Vinnsla upplýsinganna í skýrslu um skipulag lögreglu í mótmælunum 2008-2011 samrýmdist hins vegar ekki kröfum um öryggi persónuupplýsinga.

Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.9. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1684

Þann 2. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], dags. 1. desember 2014, vegna vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga um hann í skýrslu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, „Samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008-2011“. Í kvörtuninni sagði m.a. að nafn kvartanda og/eða upphafsstafi ásamt lögreglunúmeri ([...]) mætti finna í skýrslunni og þá aðallega í þeim hlutum sem bæru yfirskriftina „Lögreglumenn við störf“ og „Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt“. Þá kom fram að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði óskað eftir því að kvartandi ritaði upplifun sína af tilteknum aðgerðum sem lögregla sinnti á umræddu tímabili 2008-2011. Sagði kvartandi að hann hefði verið upplýstur um að verið væri að skrifa skýrslu um mótmælin og um hlið lögreglu af atburðunum. Þá sagði:

„[...] Mér var lofað því að þau gögn sem ég myndi rita og skila til viðkomandi myndu aldrei fara út til birtingar enda aðeins ætlað sem sögurit fyrir lögregluna um ókomna framtíð. Ég fékk send ákveðin málsnúmer í tölvupósti til að ég gæti nálgast upplýsingar í dagbók lögreglu í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE, til að rifja upp hvert mál sem ég vann við. [...] Víða má sjá í skýrslunni nöfn einstaklinga og lögreglumanna án þess að þau hafi verið hulin með einhverjum hætti þ.á.m. nöfn einstaklinga sem höfðu áður birst í fjölmiðlum. [...].“

Þá óskaði kvartandi þess að Persónuvernd tæki umrædda skýrslu til athugunar sem og dreifingu hennar með tilliti til þess hvort persónuverndarlög hefðu verið brotin. Kvartandi óskaði jafnframt eftir því að stofnunin tæki tiltekin atriði til sérstakrar skoðunar.

Persónuvernd úrskurðaði að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið heimil skráning persónuupplýsinga um [A] í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE. Miðlun upplýsinganna til fjölmiðla, sem og til kæranda í máli fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál, hefði hins vegar ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.10. Úrskurður um vinnslu persónuuppl. hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu - mál nr. 2014/1715

Þann 10. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], vegna skýrslunnar „Samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008-2011“. Í kvörtuninni segir m.a. eftirfarandi:

„Umkvörtunarefni mitt er birting persónuupplýsinga minna í skýrslu [...] þáverandi yfirlöggluþjóns LRH um Búsáhaldabyltinguna og fleiri mótmæli þar á undan árin 2008-2009. Við yfirllestur sé ég nafn mitt birt í frásögn lögreglumanns frá aðgerðum við lögreglustöðina á Hverfisgötu þegar mótmælendur reyndu að brjótast þar inn. Þá ritaði ég einnig frásögn í umrædda skýrslu þar sem mitt nafn var yfirstrikað en mér skilst að sú yfirstrikun hafi ekki verið fullnægjandi. Þá birtast upphafsstafir mínir og lögreglunúmer ([...]) í inngangi að öllum aðgerðum sem ég kom að sem eru þó nokkrar.

Ég tel þetta vera brot á persónuverndarlögum vegna birtingar upplýsinga um mig. Í ljósi þess að yfirstrikun samkvæmt úrskurði þar til bærrar nefndar var áfátt og ófullnægjandi tel ég að þetta þurfi að skoða til hlítar. Þá er einnig hægt að komast að því hver „[...]“ er með því að

hafa aðgang að LÖKE og spurning hvort almennir starfsmenn embættanna í landinu hafi aðgang, sem sumir hafa og geti þannig komist að því hver [...] er.“

Persónuvernd úrskurðaði að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið heimil skráning persónuupplýsinga um [A] í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE. Miðlun upplýsinganna til fjölmiðla, sem og til kæranda í máli fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál, hefði hins vegar ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.11. Úrskurður um ábendingarhnapp TR - mál nr. 2014/1068

Hinn 25. júlí 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] yfir hnappi á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins (TR) fyrir ábendingar um meint bótasvik. Í kvörtuninni segir meðal annars:

„Það er hæglega hægt að senda kvartanir úr tölvum á Borgarbókasafninu, Þjóðarbóklöðunni eða annarra manna tölvum en síns eigin. Og gefa upp nafn, síma og netfang hvers sem er.

Hér er ein stétt tekin út fyrir rammann og 65. gr. stjórnarskrárinnar – Jafnfræðisreglan – brotin. Er þá ekki réttlæt看legt að allir Íslendingar geti kvartað undan ÖLLUM stéttum samfélagsins!“

Einnig segir að með því að senda ábendingar með framangreindum hætti sé viðkomandi allt í senn að villa á sér heimildir, misnota fjarskiptakerfi, spilla vinnslu tölvukerfis og misfara með persónuupplýsingar. Sé engin stoð fyrir tilkynningunni bætist við rógburður og persónunið. Allt séu þetta mögulega refsiverð afbrot samkvæmt íslenskum lögum. Berist slíkar tilkynningar sé það von kvartanda að þeim sé annaðhvort hent eða þær hundsáðar eða lögreglu gert aðvart ef um alvarleg tilfelli er að ræða. Best væri ef umræddur ábendingahnappur væri fjarlægður af vef TR.

Persónuvernd úrskurðaði að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fram færi með söfnun nafnlausra ábendinga um meint lögbrot fyrir tilstilli ábendingahnapps á vefsíðu Tryggingastofnunar ríkisins, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.12. Úrskurður um ábendingarhnapp TR - mál nr. 2014/832

Þann 20. maí 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann hjá Þjóðskrá Íslands (ÞÍ) og Tryggingastofnun ríkisins (TR). Þá bárust stofnuninni frekari skýringar á kvörtun hans með tölvupósti þann 23. júlí 2014. Í fylgigögnum sem fylgdu með kvörtuninni kom fram að forsaga málsins væri sú að TR hefði borist nafnlaus ábending í gegnum ábendingahnapp sinn á heimasíðunni www.tr.is um að kvartandi væri búsettur erlendis en ekki á Íslandi. Þá kom fram í ábendingunni hverjum kvartandi væri giftur, hvenær hann hefði fært lögheimili sitt og hverjir aðrir byggju þar. Ábendingin var ekki talin falla undir verksvið TR og því áframsend til ÞÍ. Taldi kvartandi að sá sem sendi inn framangreinda ábendingu til Tryggingastofnunar ríkisins hefði aflað umræddra upplýsinga um hann úr breytingasögu þjóðskrár.

Annars vegar taldi kvartandi að TR væri óheimilt að nota sk. ábendingahnapp á heimasíðu sinni, www.tr.is, þar sem einstaklingar gátu sent inn nafnlausar ábendingar um bótasvik. Þá taldi kvartandi að TR hefði verið óheimilt að vinna með þær upplýsingar sem henni bárust í gegnum ábendingarhnappinn, m.a. að senda þær áfram til ÞÍ.

Hins vegar er kvartandi ósáttur við öryggi persónuupplýsinga hjá ÞÍ, þ.e. að hver sem er geti aflað persónuupplýsinga um hann úr gagnagrunni stofnunarinnar sem kallaður er „breytingasaga“.

Persónuvernd fjallaði ekki um þann þátt málsins sem sneri að áframsendingu ábendingar frá TR

til ÞÍ, en fram kom af hálfu TR að erindið hefði verið áframsent í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd úrskurðaði að sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fór með því að taka á móti nafnlausri ábendingu um meinta ranga lögheimilisskráningu [A] samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.13. Úrskurður um miðlun upplýsinga um lífeyrisréttindi - mál nr. 2014/1151

Þann 27. ágúst 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], vegna miðlunar persónuupplýsinga um hana frá Íslandsbanka og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (Sjóvá) til Viðskiptatengsla ehf. Í kvörtuninni sagði að kvartandi hefði fengið símtal frá Viðskiptatengslum og hefði tilgangur símtalsins verið að bjóða honum möguleika á lífeyrissparnaði. Viðmælandi kvartanda hefði sagt að Viðskiptatengsl væru í viðskiptum við Íslandsbanka og Sjóvá og hann hefði þar af leiðandi upplýsingar um kvartanda. Kvartandi taldi hins vegar að um væri að ræða upplýsingar sem trúnaður ætti að ríkja um og um væri að ræða brot á persónuvernd. Hún hefði greitt í erlendan sparnaðarsjóð og af einhverjum ástæðum hefði umrætt fyrirtæki haft þær upplýsingar undir höndum.

Af gögnum málsins varð ráðið að kvartandi hefði gert samning um sparnaðarlíftryggingu hjá Friends Provident International fyrir milligöngu Tryggingar og ráðgjafar ehf. Þegar Friends Provident International ákvað að fara af íslenskum markaði hefðu Tryggingar og ráðgjöf fengið Viðskiptatengsl til að tilkynna viðskiptavinum sínum um þær breytingar. Þá hafi viðskiptamönnum einnig verið tilkynnt um að Tryggingar og ráðgjöf myndu halda áfram þjónustu við þá sem greitt hefðu í framangreindan sjóð.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga hjá Viðskiptatengslum ehf. hefði ekki farið gegn ákvæðum laga nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.14. Úrskurður um sendingu smáskilaboða frá innheimtufyrirtæki - mál nr. 2014/1183

Þann 4. september 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], vegna sendingar smáskilaboða frá Motus ehf. vegna innheimtu. Í kvörtuninni segir m.a. að kvartandi sé ósátt við að Motus hafi sent áminningu til hennar um innheimtu í smáskilaboðum. Telur hún slíka sendingu „harkalega árás á einkalíf sitt“. Hún hafi verið búin að gera samkomulag við sinn viðskiptabanka og Motus um greiðslur og því hafi henni þótt sendingin ómakleg. Þá segir kvartandi að engin ákvæði laga styðji umrædda sendingu skilaboðanna.

Niðurstaða Persónuverndar var á þá leið að sending smáskilaboða frá Motus ehf. í farsímanúmer kvartanda hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.15. Úrskurður um spurningalista í tengslum við samræmd próf - mál nr. 2014/1365

Þann 8. október 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], vegna spurningalista sem leggja átti fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk í tengslum við samræmd könnunarpróf. Í kvörtuninni segir m.a.:

„Spurningalisti handa nemendum um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk fylgdi samræmdum prófum og var lagður fyrir úrtak nemenda í kjölfar prófanna. Listinn var lagður fyrir nemendur í bekk dóttur minnar. Á listanum kemur fram að foreldrum eigi að hafa verið kynntur listinn. Listinn hefur ekki verið kynntur okkur og samkv. upplýsingum frá Námsmatsstofnun - umsjónarmanni samræmdra prófa, þá fórst það fyrir. Einnig veur það

spurningar að listinn er merktur með nafni og kennitölu nemenda og uppl. eiga að tengjast niðurstöðum prófanna. Um er að ræða viðkvæmar spurningar sbr. meðfylgjandi lista. Samkvæmt uppl. frá Námsmatsstofnun var listinn ekki borinn undir Persónuvernd. Á forsiðu listans stendur samt sem áður: „Að mati Persónuverndur fellur listinn undir lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar við framkvæmd prófa (sjá tilkynningu 365 hjá Persónuvernd).““

Persónuvernd úrskurðaði að sú aðgerð Námsmatsstofnunar að leggja fyrir börn í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla spurningalista hefði ekki verið í samræmi við lög.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.16. Úrskurður um öflun netfangs í þágu markaðssetningar - mál nr. 2014/1278

Þann 24. september 2014 barst Persónuvernd erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS), dags. 19. s.m., vegna kvörtunar [A], dags. 6. maí 2014, um notkun vefsíðunnar www.uppboðshus.is á netfangi hans, [x@x.is], til að senda honum markpóst. Var kvörtun hans framsend Persónuvernd þar sem PFS taldi að sá hluti kvörtunarinnar, sem laut að því hvort öflun netfanga hefði verið með lögmatum hætti, félli undir verkvið Persónuverndar. Í kvörtuninni segir m.a. að að kvartandi viti ekki hvernig Uppboðshús hafi fengið upplýsingar um netfang hans.

Niðurstaða Persónuverndar var að öflun Kjúfs ehf., rekstraraðila vefsíðunnar www.uppboðshus.is, á netfangi [A] hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.17. Álit um miðlun launaseðlaupplýsinga - mál nr. 2014/1719

Tildrög málsins voru þau að Persónuvernd barst bréf frá stjórnarformanni NPA miðstöðvarinnar svf., dags. 10. desember 2015. Í bréfinu sagði:

„Með þessu bréfi sendir NPA miðstöðin svf. fyrirspurn til Persónuverndar og óskar eftir áliti stofnunarinnar. Ástæðan er beiðni sveitarfélags til fyrirtækisins um að NPA miðstöðin afhendi listun launa, launaseðlaupplýsingar, mánaðarlega, þ.m.t. kennitölur og nöfn NPA aðstoðarfólks, upplýsingar sem eru í launabókhalddkerfi NPA miðstöðvarinnar. Beiðni sveitarfélagsins, sett fram í tölvupóstum til NPA miðstöðvarinnar, felur í sér að NPA miðstöðin svf. skuli afhenda upplýsingar um launþega hjá NPA miðstöðinni svf., en eigendur miðstöðvarinnar eru verkstjórnendur NPA aðstoðarfólks síns hver fyrir sig. NPA miðstöðin metur þessar launaseðlaupplýsingar sem trúnaðarmál milli launþegans og miðstöðvarinnar, er beri að fara með á sama hátt og almennt gildir hjá launþegum og vinnuveitendum á vinnumarkaði.“

Niðurstaða Persónuverndar var sú að NPA miðstöðinni svf. væri ekki skylt að afhenda Kópavogsbæ mánaðarlega sérgreindar launaseðlaupplýsingar starfsfólks miðlunarinnar.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.18. Úrskurður um upplýsingar um greiðsluáðlögun við gerð lánshæfismats - mál nr. 2014/1524

Þann 3. nóvember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna vinnslu upplýsinga um hann við gerð greiðslu- og lánshæfismats hjá Creditinfo Lánstrausti hf. (hér eftir Creditinfo). Í kvörtuninni sagði m.a. að kvartandi hefði gert upp sín skuldamál hjá umboðsmanni skuldara þann [X]. Hefði hann þá verið tekinn af vanskilaskrá Creditinfo. Hins vegar hefðu upplýsingar verið varðveittar hjá Creditinfo um skuldir kvartanda *eftir* að hann fór í greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara og þær upplýsingar síðan verið notaðar við gerð greiðslumats og lánshæfismats um kvartanda hjá Creditinfo, á grundvelli laga nr. 33/2013 um neytendalán. Með öðrum orðum taldi kvartandi að ekki væri unnt að varðveita og nota umræddar upplýsingar um vanskil hans þar sem hann gerði upp sín skuldamál hjá umboðsmanni skuldara *fyrir* gildistöku laga

nr. 33/2013 um neytendalán.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að notkun Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um vanskil [A] við gerð lánshæfis- og greiðslumats hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000 og starfsleyfi Creditinfo, dags. 29. desember 2014.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.19. Úrskurður um að uppfletting í vanskilaskrá hafi verið óheimil - mál nr. 2015/394

Þann 27. febrúar 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna uppflettingar Brimborgar ehf. í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. (hér eftir Creditinfo) um hann. Beindist kvörtunin einnig að Creditinfo fyrir að hafa miðlað persónuupplýsingum um kvartanda til Brimborgar ehf. úr vanskilaskrá.

Í kvörtuninni sagði m.a. að móðir kvartanda hefði falið honum, með umboði, að annast kaup á bifreið hjá Brimborg. Kvartandi hefði tekið skýrt fram við starfsmenn Brimborgar að hann yrði aldrei kaupandi og tækist því ekki á hendur neinar ábyrgðir af neinum toga í tengslum við umrædd bifreiðakaup, heldur væri hann einungis milligöngumaður með skriflegu umboði frá móður sinni. Þrátt fyrir framangreint hefði Brimborg flett kvartanda upp í vanskilaskrá Creditinfo. Var kvartanda ekki kunnugt um uppflettinguna fyrr en honum barst bréf Creditinfo þar að lútandi, dags. 4. febrúar 2015.

Taldi kvartandi að engin heimild hefði verið veitt af hans hálfu fyrir uppflettingunni auk þess sem Brimborg hefði aldrei gefið til kynna að félagið gæti þurft að afla slíkra upplýsinga um hann.

Niðurstaða Persónuverndar var að uppfletting Brimborgar á [A] í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.20. Úrskurður um miðlun upplýsinga til ábyrgðarmanns - mál nr. 2015/466

Þann 12. mars 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna miðlunar persónuupplýsinga um kvartanda frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (hér eftir skammstafað LÍN) til [B]. Í kvörtuninni sagði m.a. að kvartandi væri skuldari að námsláni hjá LÍN og að kvartandi hefði lokið námi árið [19XX]. Faðir kvartanda hefði verið ábyrgðarmaður lánsins þangað til hann lést árið [19XX]. Þá hefði kvartandi ávallt staðið í skilum á láninu og aldrei verið í vanskilum. Fyrr á árinu 2015 hefði systir kvartanda fengið bréf frá LÍN þar sem fram hefði komið að hún væri ábyrgðarmaður lánsins og hver staðan á láninu var þá. Taldi kvartandi að LÍN væri ekki heimilt að miðla slíkum upplýsingum án þess að ganga úr skugga um að þær vörðuðu sannanlega þann aðila sem upplýsingunum væri miðlað til.

Með kvörtuninni fylgdi afrit af bréfi LÍN til [B], systur kvartanda, dags. [X]. febrúar 2015. Í því bréfi benti lánasjóðurinn [B] á að hún hefði sem erfingi [C] tekist á hendur ábyrgð á skuldbindingum hans. Þá sagði að núvirði ábyrgðarinnar þann 2. janúar 2015 hefði verið kr. [X], og að lánið hefði þann dag verið í skilum og ábyrgð hennar því ekki orðin virk.

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun upplýsinga um stöðu námsláns kvartanda frá LÍN til ábyrgðarmanns lánsins hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.21. Úrskurður um að uppfletting í vanskilaskrá hafi verið heimil - mál nr. 2014/1397

Þann 13. október 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna uppflettingar Íslandsbanka hf. í

vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. (hér eftir Creditinfo), um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í því skyni að miðla þeim til annarra. Í kvörtuninni sagði m.a.:

„Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo, fletti Íslandsbanki upp nafni mínu vegna vanskilaskrár. Ástæða var ekki tiltekin, sem er lögbrot. Ég er ekki í neinum viðskiptum við bankann og skil ekki ástæðu þessarar uppflettingar þeirra, gæti verið forvitni.“

Niðurstaða Persónuverndar var sú að Íslandsbanka hf. hefði verið heimilt að fletta upp nafni kvartanda í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, í þeim tilgangi að kanna stöðu hans sem viðskiptamanns bankans vegna innheimtukrafna á hendur honum og síðar af tilefni málshöfðunar gegn Ergo – fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka vegna ágreinings um réttmæti skuldajafnaðar.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.22. Úrskurður um miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá - mál nr. 2014/789

Með bréfi, dags. 8. maí 2014, barst Persónuvernd kvörtun [A] yfir miðlun á upplýsingum um kílómetrastöðu bifreiðar kvartanda frá Samgöngustofu til [tryggingafélags]. Kvartandi taldi að upplýsingar um kílómetrastöðu bifreiða, sem skráðar væru við aðalskodun í ökutækjaskrá, væru upplýsingar sem ættu ekki að vera tryggingafélögum aðgengilegar. Um væri að ræða persónugreinanlegar upplýsingar sem væri óviðeigandi að væru aðgengilegar þriðja aðila án samþykkis hins skráða. Kvartanda hefði verið tjáð í samskiptum við tryggingafélag sitt að honum byðist aukinn afsláttur af tveimur bifreiðum sínum vegna lítils aksturs. Tryggingafélagið hefði haft aðgang að þessum upplýsingum í tölvukerfi sínu.

Niðurstaða Persónuverndar var að Samgöngustofu hefði verið heimilt að miðla upplýsingum um kílómetrastöðu bifreiðar kvartanda til tryggingarfélagsins.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.23. Úrskurður um ósk um vitneskju um tilkynnanda - mál nr. 2014/1740

Persónuvernd barst kvörtun frá [A], dags. 16. desember 2014, yfir Strætó bs. Í kvörtuninni kom fram að hjá félaginu væri haldið utan um ábendingar varðandi vagnstjóra í sérstöku kerfi. Þá sagði að kvartanda væri neitað um vitneskju um það hver hefði sent inn ábendingu um hann og hvaða upplýsingar um hann væru skráðar í kerfið, og að upplýsingum væri ekki eytt úr því með reglubundnum hætti. Taldi hann þetta fyrirkomulag ekki samrýmast lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd úrskurðaði að Strætó bs. hefði ekki verið skylt að upplýsa [A] um hvaða einstaklingur sendi félaginu ábendingu um að hann hefði gert ótímabært hlé á akstri strætisvagns. Þá væri varðveisla ábendingarinnar heimil.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.24. Úrskurður um símhringingar stúdentahreyfinga vegna kosninga - mál nr. 2015/129

Þann 30. janúar 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] yfir því að nemendafélög Háskóla Íslands, Vaka og Röskva, hefðu hringt í kvartanda vegna stúdentakosninga við skólann vorið 2014. Í kvörtuninni sagði m.a.:

„Á hverju ári hringja stúdentahreyfingarnar eða senda sms í símanúmer stúdenta við Háskóla Íslands til að hvetja þá til að kjósa. Þetta gera þær jafnvel þótt ítrekað sé að ekki sé óskað eftir slíkum símtölum, þrátt fyrir að viðkomandi stúdentar séu bannmerktir jafnt í símaskrá sem í Þjóðskrá, og án þess að nokkru sinni hafi verið veitt samþykki fyrir slíkum símtölum né að ljóst sé hvaðan símanúmerin eru fengin.“

Þá sagði meðal annars að símanúmer kvartanda væri hans einkanúmer sem skráð hefði verið í símaskrá Háskóla Íslands í góðri trú um að sú skrá væri til faglegra nota eingöngu. Hvergi hefði verið gefið til kynna að með skráningu á símanúmeri fylgdi samþykki fyrir úthringingum félagsamtaka, fyrirtækja, stjórnmalaflokka eða annarra. Í þessu sambandi var í kvörtun vísað til 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Símanúmer kvartanda hefði verið fært á bannskrá Þjóðskrár og stríddu umræddar úthringingar gegn framangreindu ákvæði. Auk þess hefði kvartandi látið færa nafn sitt á sérstaka skrá í innra kerfi Háskóla Íslands yfir þá sem andmæla því að haft sé samband við þá bréfleiðis í markaðssetningarskyni, en umræddar úthringingar hefðu þjónað slíkum tilgangi. Krafðist kvartandi þess að stúdentahreyfingarnar létu af því að áreita stúdenta sím- eða bréfleiðis enda væri þeim umrædd notkun úthringilista óheimil.

Persónuvernd úrskurðaði að símhringingar Vöku og Röskvu í kvartanda hefðu ekki verið í samræmi við ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000, enda hefði kvartandi verið skráður í bannskrá Þjóðskrár.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.25. Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í greinargerð um einelti - mál nr. 2014/1744

Þann 15. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna miðlunar greinargerðar um eineltismál frá [B], yfirmanni hennar hjá [X], til samstarfsfólks kvartanda, en greinargerðin innihélt m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar um hana. Greinargerðin var unnin í tilefni af rannsókn Kópavogsbæjar á ásökunum um einelti gegn kvartanda af hálfu [B] á vinnustað þeirra. Í kvörtuninni kom fram að Kópavogsbær hefði óskað eftir að óháður þriðji aðili yrði fenginn til að gera greinargerð um málið. Greinargerðinni var skilað til [B], yfirmanns kvartanda, sem í kjölfarið afhenti hana öðrum samstarfsfélögum hennar. Kvartandi taldi að efni greinargerðarinnar hefði verið bundið trúnaði og að óheimilt hefði verið að miðla upplýsingunum til samstarfsmanna hennar. Þá spurði kvartandi hvort Kópavogsbæ hefði verið heimilt að afhenda greinargerðina með viðtölum við einstaka starfsmenn í heild sinni ásamt kvörtun hennar gagnvart [B], sem steipt hefði verið saman í eina greinargerð. Kvartandi taldi þetta óeðlilegt þar sem m.a. væri um viðkvæmar persónuupplýsingar hennar að ræða.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum um kvartanda í greinargerð um eineltismál hefði verið heimil. Miðlun [B] á persónuupplýsingum um kvartanda til samstarfsmanna kvartanda hjá [X] hefði hins vegar farið í bága við lög nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.26. Álit um gagnamóttöku sérfræðingefndar - mál nr. 2015/748

Persónuvernd barst bréf velferðarráðuneytisins, dags. 27. apríl 2015, þar sem óskað var eftir álitni stofnunarinnar á lögmati tiltekinnar vinnslu persónuupplýsinga. Í bréfinu sagði:

„Með vísan til 6. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er þess óskað að Persónuvernd láti í ljós álit á því hvort sérfræðingateymi um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sé heimilt að veita viðtöku gögnum frá lögheimilissveitarfélögum þeirra barna sem um ræðir og þá jafnframt hvort umræddum sveitarfélögum sé heimilt að miðla gögnum og upplýsingum um börnin til sérfræðingateymisins.“

Álit Persónuverndar var að miðlun persónuupplýsinga um börn til sérfræðingateymis á vegum velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir frá sveitarfélögum og/eða barnaverndarnefndum, sem og eftirfarandi vinnsla persónuupplýsinga um börnin hjá teyminu, samrýmdist ekki lögum um persónuvernd nr. 77/2000.

Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.27. Úrskurður um miðlun netfangs með tölvupósti - mál nr. 2015/590

Þann 12. mars 2015 barst Persónuvernd erindi frá [A] varðandi tölvupóst [...] skrifstofu Hæstaréttar Íslands frá [...] þar sem netfang hans, [...]@gmail.com, var sýnilegt öllum viðtakendum. Með tölvupósti, móttæknum þann 30. mars 2015, staðfesti kvartandi að um kvörtun til Persónuverndar væri að ræða. Í kvörtuninni sagði m.a.:

„Tílefnið er að undirrituðum barst fyrir nokkru síðan boðun um mætingu í dómssal, sem var send með tölvupósti, en sú mæting var í morgun [dags.] 2015. Boðunin var send með þeim hætti að dagskrá dómstólsins fyrir þessa viku var send með fjölpósti á alla sem áttu að mæta fyrir viðkomandi dómstól í vikunni þannig að hver og einn gæti ráðið af henni hvenær hann ætti að mæta. Við sendingu skeytisins var því miður ekki gætt að því að senda það sem blindafrit og voru því netföng allra viðtakenda sýnileg. Flest þeirra voru vinnunetföng lögmanna sem er óvíst hvort teljist til persónulegra upplýsinga. Hins vegar var sýnilegt meðal þeirra persónulegt einkanetfang undirritaðs, sem hafði verið tilgreint í gögnum til dómstólsins vegna samskipta við hann, en fjöldasending með þessum hætti kom þar af leiðandi allnokkuð á óvart.“

Persónuvernd úrskurðaði að sú aðgerð, að hafa netfang [A] sýnilegt öllum viðtakendum tölvupósts frá skrifstofu Hæstaréttar Íslands, hefði ekki samrýmst vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga, enda þótt heimilt hefði verið að senda tölvupóstinn sem slíkan til að gæta lögmætra hagsmuna viðtakenda hans.

Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.28. Úrskurður um meðferð tölvupósts og birtingu mynda á samfélagsmiðli - mál nr. 2014/1631

Þann 21. nóvember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá X hdl., f.h. [A], [B] og [C], varðandi notkun á tölvupósthólf þeirra eftir að þau luku störfum hjá DV ehf. Þá var einnig kvartað yfir miðlun og birtingu persónuupplýsinga af hálfu [D] hrl. á persónuupplýsingum um [A].

Framangreind kvörtun laut að því að kvartendum hefði ekki verið gefið færi á að skoða tölvupósthólf sín hjá fyrrverandi vinnuveitanda, DV ehf., eftir að þeir létu af störfum hjá félaginu í september 2014, í þeim tilgangi að aðgreina einkatölvupóst og póst sem varðaði hagsmuni eða starfsemi DV ehf. Þá var jafnframt kvartað yfir því að pósthólf kvartenda væru enn opin hjá DV ehf., að einkapóstur þeirra hefði verið áframsendur á annað starfsfólk DV ehf. og hann opnaður, skoðaður og eftir atvikum að efni sem þar hefði verið að finna hefði verið vistað og afritað og/eða áframsent án samþykkis kvartenda til þriðja aðila. Gerðu kvartendur kröfu um að Persónuvernd mælti fyrir um, í samræmi við 40. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stöðvun þeirrar vöktunar eða vinnslu sem fram færi á pósthólfum kvartenda og að þeim yrði gefið færi á að fara í gegnum pósthólf sín og flokka einkatölvupóst frá öðrum pósti, sbr. 4. mgr. 9. gr. reglna Persónuverndar nr. 837/2006, um rafræna vöktun o.fl., sbr. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Loks var kvartað yfir því að [D] hefði annars vegar miðlað persónuupplýsingum um kvartanda [A] án heimildar hans, til þriðja aðila, [Z], og hins vegar birt kafla og myndir úr handriti að bók, sem kvartandi var með í smíðum, á samfélagsmiðlinum Facebook.

Niðurstaða Persónuverndar var að meðferð DV ehf. á tölvupósthólfum [B], [C] og [A] eftir að þau luku störfum hjá félaginu hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000 og reglur nr. 837/2006. Öðrum hlutum kvörtunarinnar var vísað frá.

Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.29. Úrskurður um miðlun upplýsinga um umdeilda skuld - mál nr. 2015/138

Þann 28. janúar 2015 barst Persónuvernd kvörtun [X] hrl., f.h. [A] og [B], vegna skráningar Arion banka hf. á vanskilum þeirra í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Í kvörtuninni sagði m.a.:

„Leyfi mér fyrir hönd umbj. minna, hjónanna [A[...]], og [B [...]], að senda Persónuvernd erindi þetta sem kvörtun vegna skráningar Arion-banka hf. á meintum vanskilum (að mati Arion-banka hf.) hjá umbj. mínum í vanskilaskrá Creditinfo-Lánstrausts hf. Er þess m.a. farið á leit að Persónuvernd neyti heimilda skv. 40. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og 5. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, til að umrædd skráning verði afmáð úr vanskilaskránni.

[...E]r um að ræða skuldabréf sem um er deilt milli Arion-banka hf. og umbj. minna hvort sé í vanskilum.[...E]r bankinn fyllilega meðvitaður um að krafa bankans á hendur umbj. mínum varðar atriði sem lögfræðilegur ágreiningur er um. Engu að síður heldur bankinn til streitu skráningu í vanskilaskrá vegna hennar, þrátt fyrir kröfur um að draga hana til baka.“

Í tengslum við framangreint vísaði lögmaður kvartenda til ákvæðis 3. mgr. í grein 2.1. í starfsleyfi Persónuverndar til handa Creditinfo Lánstrausti hf. (hér eftir nefnt Creditinfo), sbr. mál stofnunarinnar nr. 2014/1640, þar sem segir að vinnsla upplýsinga um umdeildar skuldir sé óheimil. Þá sagði í kvörtuninni að gerð væri sú krafa að bankinn og Creditinfo afmáðu skráninguna og að Creditinfo sendi leiðréttingu til allra sem fengu umræddar upplýsingarnar úr vanskilaskránni. Með kvörtuninni fylgdu afrit af skuldabréfi kvartenda, dags. [í ágúst 2007], ásamt greiðsluáætlun vegna skuldabréfsins, dags. [í september 2007], sem og afrit af bréfi lögmanns kvartenda til Arion banka hf., dags. 21. nóvember 2014.

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun persónuupplýsinga um meint vanskil kvartenda frá Arion til Creditinfo hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Vinnsla persónuupplýsinga um kvartendur hjá Creditinfo, í kjölfar móttöku þeirra frá Arion, hefði hins vegar samrýmst lögum nr. 77/2000 og starfsleyfi Persónuverndar til handa félaginu fyrir árin 2014 og 2015.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.30. Úrskurður um öflun fyrirtækis á lánshæfismati - mál nr. 2014/1749

Þann 18. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] varðandi uppflettingu Netgíró ehf. á lánshæfismati hans hjá Creditinfo Lánstrausti hf. (hér eftir Creditinfo). Kvörtunin laut einnig að miðlun lánshæfismatsins frá Creditinfo til Netgíró ehf. Með kvörtuninni fylgdi afrit af tölvupósti Netgíró ehf. til kvartanda frá 17. desember 2014, þar sem félagið tilkynnti um að vegna kerfismistaka hefði það kallað eftir lánshæfismati frá Creditinfo fyrir kvartanda. Þá sagði einnig að lánshæfismatið hefði verið sótt fyrir mistök og að félagið bæðist velvirðingar á þeim. Loks sagði að villan hefði verið lagfærð og gögnunum eytt.

Persónuvernd úrskurðaði að öflun Netgíró ehf. á lánshæfismati [A] hjá Creditinfo hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.31. Ákvörðun um skráningu netfanga á tölvupóstfangalista - mál nr. 2014/1662

Hinn 27. nóvember 2014 sendi Bland ehf. viðskiptavinum sínum tilkynningu um skráningu tölvupóstfanga þeirra hinn 1. desember s.á. hjá Heimkaupum ehf. nema hún yrði afþökkuð, en í slíkri skráningu hefði falist að send yrðu tilboð til viðkomandi um vörur og þjónustu á vegum þriðju aðila. Af þessu tilefni bárust Persónuvernd fyrirspurnir og ábendingar og með bréfi, dags. 28. nóvember 2014, óskaði stofnunin skýringa Blands ehf. á framangreindu.

Niðurstaða Persónuverndar var að Blandi ehf. hefði verið óheimilt að skrá viðskiptavini sína á tölvupóstfangalista Heimkaupa ehf. Þá hefði Heimkaupum verið óheimilt að taka við og notast

við netföng viðkomandi og bæri að eyða þeim úr viðskiptamannaskrá sinni.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.32. Úrskurður um sendingu valgreiðslukrafna í netbanka - mál nr. 2015/711

Hinn 28. apríl 2015 barst Persónuvernd kvörtun [A] yfir því að fyrirtæki og stofnanir hefðu aðgang að netbanka hennar hjá Íslandsbanka hf. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að kröfur frá þessum aðilum birtust í netbankanum án þess að kvartandi hefði gefið leyfi til þess. Með kvörtun fylgdi afrit af tölvupóstsamskiptum kvartanda og framangreinds banka hinn 27. apríl 2015. Í þeim samskiptum kom fram að kvartandi óskaði eftir að allar valgreiðslur yrðu fjarlægðar úr netbanka hennar, sem og að hann yrði stilltur þannig að engar valgreiðslur birtust framvegis. Íslandsbanki hefði svarað kvartanda á þá leið að bankinn gæti ekki eytt valgreiðslum í netbankanum, en kvartandi gæti hins vegar falið slíka reikninga og eytt þeim. Þá sagði í svari bankans að hann gæti ekki stjórnað því hvaða reikningar væru sendir í netbankann. Hins vegar gæti kvartandi prófað að hafa samband við viðeigandi yfirvöld og óskað eftir að verða tekin af listum sem fyrirtæki hefðu aðgang að.

Niðurstaða Persónuverndar var að Íslandsbanka hf. hefði verið heimil sú vinnsla persónuupplýsinga um [A] sem fælist í að gera kröfur á hendur henni, sem bærust í kröfupott hjá Reiknistofu bankanna, aðgengilegar í netbanka hennar.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.33. Ákvörðun um beiðni um endurupptöku máls - mál nr. 2014/1744

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2015, sem barst Persónuvernd sama dag, óskaði [A] eftir endurupptöku á máli nr. 2014/1744. Aðdragandi málsins var sá að þann 15. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [B], starfsmanni [X] í Kópavogi (hér eftir nefnd „kvartandi“). Kvörtunin laut að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um hana í greinargerð þar sem fram komu áskanir hennar um einelti í sinn garð á fyrrnefndum vinnustað. Með úrskurði í máli nr. 2014/1744 komst stjórn Persónuverndar að þeirri niðurstöðu að miðlun greinargerðarinnar til samstarfsmanna hennar hefði ekki verið heimil. [A], forstöðumaður [X], var talinn ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem í miðluninni fólst.

Í fyrrgreindum úrskurði Persónuverndar kemur fram að áskanir kvartanda um einelti hafi beinst að fyrrgreindum forstöðumanni. Viðtöl hafi verið tekin við kvartanda, forstöðumanninn, og samstarfsmenn þeirra. Í nefndri greinargerð hafi viðtöl verið rakin og þar hafi m.a. verið að finna viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda. Eftir að niðurstöður greinargerðarinnar hafi legið fyrir hafi eintak hennar, sem merkt hafi verið trúnaðarmál, verið sent til forstöðumannsins með tölvupósti. Í kjölfarið hafi hann sent eintak greinargerðarinnar í heild sinni til allra samstarfsmanna kvartanda, þar sem hann hafi talið að þeir hafi ekki fengið gætt andmælaréttar síns. Þá hafi komið fram að forstöðumaðurinn hafi talið sig vera aðila að kvörtunarmálinu og hann hafi talið miðlunina á greinargerðinni heimila með tilliti til lögmætra hagsmuna sinna. Varð niðurstaða Persónuverndar sú að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í greinargerðinni hefði hins vegar ekki verið heimil enda hefði hún ekki stuðst við lögmæta hagsmuni.

Niðurstaða Persónuverndar var á þá leið að synjað var um ósk um endurupptöku á máli [B] sem lokið var með úrskurði hinn 26. júní 2015 (mál nr. 2014/1744).

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.34. Úrskurður um miðlun upplýsinga um skuldastöðu - mál nr. 2015/908

Þann 14. júní 2015 barst Persónuvernd kvörtun [A] varðandi miðlun persónuupplýsinga um hann frá stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík til allra félagsmanna.

Í kvörtuninni segir m.a. að upplýsingum um skuldastöðu kvartanda hafi verið miðlað til allra 170

félagsmanna Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík í kjölfar aðalfundar félagsins árið 2015, nánar tiltekið með tölvupósti sendum þann [x. xxxx] 2015.

Persónuvernd úrskurðaði að Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um nafn og fjárhæð skuldar [A] til allra félagsmanna í fundargerð sem send var með tölvupósti.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.35. Álit um miðlun upplýsinga um heimilisfang - mál nr. 2015/1041

Í bréfi Útlendingastofnunar til Persónuverndar, dags. 15. júlí 2015, sagði meðal annars eftirfarandi:

„Útlendingastofnun hefur borist beiðni um upplýsingar um þekkt heimilisfang erlendis. Íslensk kona hyggst höfða barnsfaðernismál fyrir hönd dóttur sinnar og er einn aðilinn erlendur ríkisborgari. Viðkomandi einstaklingur finnst ekki og er óskað eftir þeim upplýsingum sem Útlendingastofnun kann að hafa um heimilisfang hans erlendis til þess að unnt verði að birta manningnum stefnu. Málið var höfðað árið [...] en vísað frá þar sem ekki var uppfyllt skilyrði 2. mgr. 10. gr. barnalaga um að stefna öllum þeim mönnum sem höfðu samfarir við móður stefnanda á getnaðartíma barnsins.

Hvorki móðir barnsins né barnið sjálft eru aðilar máls hjá Útlendingastofnun eða hafa umboð frá manningnum til að fá upplýsingar um hann.“

Loks sagði í bréfinu að Útlendingastofnun óskaði eftir álit Persónuverndar á því hvort stofnuninni væri heimilt að veita þessar upplýsingar. Þá sagði að slík vinnsla gæti til dæmis byggst á 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga ef umræddar upplýsingar teldust viðkvæmar. Jafnframt var þeirri spurningu velt upp hvort 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 kynni að eiga við í málinu eða ætti að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Loks benti stofnunin á að vinnsla upplýsinganna myndi krefjast þess að Útlendingastofnun veitti aðgang að hluta gagns en ekki heildargögnum máls.

Álit Persónuverndar var að Útlendingastofnun væri heimilt að miðla upplýsingum um heimilisfang einstaklings erlendis til að unnt væri að höfða barnsfaðernismál gegn honum.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.36. Úrskurður um miðlun vegna þjónustukannana - mál nr. 2015/1012

Þann 6. júlí 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna miðlunar persónuupplýsinga um hann frá Símanum til Capacent. Í kvörtuninni sagði m.a.:

„Óheimil miðlun persónuupplýsinga. Síminn afhenti Gallup upplýsingar um mig. Þar á meðal nafn og símanúmer og upplýsingar um símtöl sem ég hef hringt. [...] Minn skilningur á lögunum er sá að Símanum sé óheimilt að láta 3 aðila í té persónuupplýsingar. Eins finnst mér það mjög vafasamt að það sé í lagi að Gallup fái lista yfir þá sem hafa hringt í ákveðið símanúmer. [...]“

Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun Símans hf. á persónuupplýsingum um [A] til Capacent hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, vegna skorts á vinnslusamningi.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.37. Álit um vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor - mál nr. 2015/1203

Persónuvernd hafði borist nokkur fjöldi ábendinga og fyrirspurna vegna vefkerfisins Mentor og þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem þar fer fram á vegum grunnskóla. Þær ábendingar sem

Persónuvernd bárust bentu til þess að víðtækar persónuupplýsingar um grunnskólanemendur væru skráðar í Mentor og að ósamræmi væri milli kennara og/eða grunnskóla við skráningu persónuupplýsinga í kerfið, einkum að því er varðaði færslur í dagbókarflipa þess. Þá vörðudu ábendingarnar sem stofnuninni bárust í einhverjum tilvikum viðkvæmar persónuupplýsingar, meðal annars varðandi andlegt og líkamlegt heilsufar nemenda.

Á grundvelli framangreindra ábendinga taldi Persónuvernd þörf á, í ljósi eftirlitshlutverks stofnunarinnar skv. 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að framkvæma úttekt sem beindist að skráningu og meðferð persónuupplýsinga í Mentor hjá grunnskólum, sem og öryggi þeirra upplýsinga, m.a. með tilliti til öryggiskerfa þeirra. Var því ákveðið að kanna hvort vinnsla persónuupplýsinga í Mentor og öryggiskerfi ábyrgðaraðila væri í samræmi við lög nr. 77/2000 og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, t.d. varðandi heimildir fyrir vinnslu og hvort hún samrýmdist sjónarmiðum um sanngirni, meðalhóf og áreiðanleika.

Þar sem margir grunnskólar notuðu vefkerfið Mentor um allt land var talið fýsilegt að velja fimm grunnskóla af handahófi sem úttektin myndi beinast að. Urðu [A-skóli], [B-skóli], [C-skóli], [D-skóli] og [E-skóli] fyrir valinu.

Með bréfi Persónuverndar til framangreindra skóla, dags. 17. febrúar 2015, var boðuð úttekt á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem þar færi fram tengd notkun Mentor vefkerfisins með vísan til 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Í því skyni var kallað eftir skriflegum gögnum, þ.e. öryggisstefnu, áhættumati og lýsingu á öryggisráðstöfunum, auk þess sem tilkynnt var um fyrirhugaða vettvangsskoðun Persónuverndar hjá viðkomandi skólum. Var Mentor ehf. upplýst um fyrirhugaðar úttektir með bréfi, dags. 31. mars 2015.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga í Mentor hjá [A-skóla], [B-skóla], [C-skóla], [D-skóla] og [E-skóla] hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.38. Úrskurður um sendingu tölvupósta frá grunnskóla til foreldra - mál nr. 2015/448

Þann 6. mars 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] varðandi sendingu auglýsingapósta og meinta miðlun netfangalista úr Mentor-kerfi Öldutúnsskóla sem innihélt m.a. netfang kvartanda. Í kvörtuninni sagði m.a. að áskilið væri að foreldrar nemenda í Öldutúnsskóla gæfu upp heimilisföng, símanúmer og netföng vegna nauðsynlegra samskipta sem vörðudu börn viðkomandi og skólagöngu þeirra. Þá teldi kvartandi að netfangalisti Öldutúnsskóla væri misnotaður með útsendingu auglýsingapósta um alls óskylda starfsemi sem kæmi skólastarfinu ekki við. Meðfylgjandi kvörtuninni var auglýsingapóstur frá Glætunni, sem samkvæmt auglýsingunni er tómstundarmiðstöð fyrir börn og ungmenni sem eiga undir högg að sækja félagslega, eiga í samskiptaerfiðleikum, líða fyrir félagslega einangrun, afskiptaleysi og einsemd af ýmsum ástæðum, s.s. vegna eineltis og skorts á félagsfærni.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Öldutúnsskóla á persónuupplýsingum með sendingu tölvupósts um forvarnarstarf til foreldra barna í 6.-10. bekk Öldutúnsskóla hefði verið heimil samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.39. Ákvörðun um sjónvarpsvöktun á sambýli - mál nr. 2015/647

Persónuvernd barst kvörtun frá [A] og [B], dags. 10. apríl 2015, yfir því að Sambýlið [X], Reykjavík, hefði sett upp eftirlitsmyndavél yfir rúmi sonar [A], [C], en [B] er bróðir hans og persónulegur talsmaður samkvæmt IV. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fatlaðs fólks.

Fram kom í kvörtun að [C] gæti fengið lífshættulega krampa. Þá sagði meðal annars:

„Yfir rúmi sonar míns er nú myndavél þar sem hægt er að fylgjast með honum í rúminu sínu í gegnum niðurplástraðar leiðslur sem enda í skjá sem staðsettur er í almenningsrými sambýlisins.

Með þessu telur sambýlið að það sé að tryggja öryggi hans og spara sér starfsfólk á vöktum.

Spurning mín til Persónuverndar er því nú: Telur stofnunin þetta vera í lagi?“

Með bréfi til Þjónustumiðstöðvar [Y] og Sambýlisins [X], dags. 31. júlí 2015, vísaði Persónuvernd til þess að ekki lægi fyrir undanþága frá banni við fjarvöktun samkvæmt V. kafla laga nr. 88/2011. Nánar tiltekið er þar átt við leyfi sem nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar veitir samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna. Í ljósi þessa taldi Persónuvernd vafa leika á um lögmæti umræddrar vöktunar. Með vísan til 1. mgr. 40. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga mælti stofnunin því fyrir um að umrædd myndavél skyldi tekin niður og vöktun ekki fram haldið fyrir en og ef úrlausn viðeigandi stjórnvalds um lögmæti vöktunar lægi fyrir.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að staðfest voru fyrirmæli Persónuverndar frá 31. júlí 2015 um að ekki skyldi viðhöfð rafræn vöktun með [C] á heimili hans að Sambýlinu [X] án heimildar viðkomandi stjórnvalds.

Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.40. Úrskurður um uppflettingar í vanskilaskrá - mál nr. 2015/895

Persónuvernd barst kvörtun frá [A], dags. 8. júní 2015, yfir að [B] hrl. hefði hinn 18. mars s.á. flett kvartanda upp í öllum þeim upplýsingakerfum sem Creditinfo Lánstraust hf. gerði aðgengileg áskrifendum sínum. Sagði að allar þessar uppflettingar hefðu verið án samþykkis kvartanda og vitundar og að hann teldi uppflettingarnar hafa verið heimildarlausar. Í kvörtun var vísað til þess að framangreindur lögmaður hefði komið fram fyrir hönd fyrirverandi eiginkonu kvartanda í skilnaðarmáli sem dómur hefði verið kveðinn upp í nýlega. Þá sagði að í ljós hefði komið að lögmaðurinn hefði flett kennitölu kvartanda upp í fasteignaskrá, ökutækjaskrá og upplýsingakerfinu Voginni, en það hefði meðal annars að geyma skrá yfir fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, sem og rekstrarsöguskrá. Lögmaðurinn hefði ekki aflað samþykkis fyrir uppflettingunum eins og skylt væri. Ekki hefði verið nein ástæða eða heimild til uppflettinganna og hefðu þær skýrlega brotið gegn reglum um meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd úrskurðaði að uppflettingar [B] hrl. á upplýsingum um [A] í fasteignaskrá, ökutækjaskrá og upplýsingakerfinu Vog hefðu samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlístan á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.41. Úrskurður um meðferð persónuupplýsinga úr LÖKE - mál nr. 2015/503

Persónuvernd barst kvörtun frá [X] hdl., dags. 18. mars 2015, fyrir hönd [A], yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara, þ.e. miðlun fyrrnefnda stjórnvaldsins á tilteknum upplýsingum til hins síðarnefnda og því næst miðlun hins síðarnefnda á upplýsingunum til héraðsdómara.

Ekki var talið liggja fyrir að miðlun ríkissaksóknara til héraðsdómara á yfirliti yfir öll mál þar sem [A] var skráður í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE, hefði verið óheimil.

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara á yfirliti yfir öll mál þar sem [A] var skráður í upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE, hefði verið óheimil.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.42. Úrskurður um miðlun upplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands – mál nr. 2015/526

Þann 20. mars 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] varðandi miðlun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á fjárhagsupplýsingum kvartanda til stjúpföður barns hans. Í kvörtuninni sagði m.a. að stjúpfaðir barnsins hefði fengið aðgang að yfirliti í rafrænni vefgátt SÍ yfir greiðslur kvartanda til tannlækna og endurgreiðslur til hans frá SÍ. Hins vegar væri stjúpfaðir barnsins ekki forsjáraðili barnsins, heldur kvartandi og barnsmóðir hans.

Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun Sjúkratrygginga Íslands á fjárhagsupplýsingum um kvartanda til stjúpföður barns hans hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.43. Úrskurður um nafnbirtingu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins – mál nr. 2015/920

Þann 16. júní 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], f.h. [B], vegna birtingar nafns kvartanda í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. maí s.á, í máli stofnunarinnar nr. [...]. Varðaði mál Samkeppniseftirlitsins brot [C] á 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en kvartandi starfaði fyrir [D] sem sumarstarfsmaður í þjónustuveri og samhliða námi á því tímabili sem ákvörðun embættisins tók til.

Í kvörtuninni sagði meðal annars að nafn kvartanda hefði birst alls 30 sinnum í ákvörðuninni. Þá hefði lögmaður kvartanda þann 29. maí 2015 sent Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem þess var óskað að nafn kvartanda yrði afmáð úr ákvörðuninni, en embættið hefði ekki orðið við þeirri beiðni.

Niðurstaða Persónuverndar var að birting á nafni [B] í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.44. Úrskurður um miðlun á greiðslukortanúmeri – mál nr. 2015/793

Þann 18. maí 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] hrl., f.h. [B], vegna ólögmatrar miðlunar persónuupplýsinga. Í kvörtuninni sagði m.a. að þegar kvartandi notaði greiðslukort inni á veitingastaðnum [C], að [...], væri það annar aðili en leyfishafi staðarins sem móttæki greiðsluna. Samkvæmt leyfisbréfi lögreglustjóra til reksturs veitinga- og skemmtistaðar, sem væri öllum aðgengilegt á veitingastaðnum, væri leyfishafi félagið [D]. Á greiðslukvittunum úr kortakerfi sæist hins vegar að móttakandi greiðslu frá staðnum væri félagið [E]. Kvartandi taldi að með því að annar aðili en leyfishafi, samkvæmt útgefnu leyfisbréfi lögreglustjóra, tæki á móti greiðslum kvartanda væru persónuupplýsingar hans útsettar til þriðja aðila. Ekkert lægi fyrir um heimildir þess aðila, þ.e. félagsins [E], til móttöku gagna né heldur greiðslna.

Þá barst Persónuvernd einnig kvörtun sama dag frá [A] hrl., f.h. [F] ehf., vegna ólögmatrar miðlunar persónuupplýsinga milli [E] og Borgunar hf. (Borgun).

Kvartandinn [B] taldi að viðskiptavinir veitingastaðarins [C] sem framvísuðu greiðslukortum sínum í viðskiptum væru varnarlausir gagnvart upplýsingaöflun [E]. Öllum fjármunum [D] væri stýrt inn á reikninga í eigu [E], sem um leið hefði beinan aðgang að persónuupplýsingum allra

viðskiptavina veitingastaðarins [C] í gegnum þjónustusamning við Borgun. Taldi kvartandi það brot á friðhelgi einkalífs. Þá taldi kvartandi að greiðslukortafyrirtækjum væri eðli máls samkvæmt heimill aðgangur að persónuupplýsingum en misnotkun fyrirtækis á þjónustu þess þar sem fyrirtækið öðlaðist um leið aðgang að persónuupplýsingum um einstaklinga væri lögbrot af hálfu Borgunar hf.

Með bréfi Persónuverndar var [F] tilkynnt um að ekki yrði aðhafst sérstaklega af tilefni kvörtunar þess, þar sem [F] yrði ekki talið hafa einstaklingsbundna hagsmuni í tengslum við umræddar aðgerðir og þar af leiðandi ekki málsaðild samkvæmt meginreglum stjórnisýsluréttar. Þá var ekki talið falla undir valdsvið Persónuverndar að skera úr um hvernig rekstraráðili ákvæði að setja saman rekstrarform sitt, s.s. með því að eitt einkahlutafélag tæki við greiðslum fyrir annað félag, svo lengi sem slíkt samræmdest öðrum lögum, s.s. lögum nr. 134/1998 um einkahlutafélög.

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Borgunar hf. á persónuupplýsingum um kvartanda hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.45. Úrskurður um beiðni um uppl. vegna umsóknar um sérstakar húsaleigubætur – mál nr. 2015/648

Hinn 28. maí 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna beiðni sveitarfélagsins Fjarðabyggðar um afrit af færslum á bankareikningi hennar um neysluútgjöld hennar, þegar hún hugðist sækja um sérstakar húsaleigubætur. Í kvörtuninni sagði m.a. að eftir að kvartandi hefði skilað inn skattframtölum síðustu þriggja ára, launaseðlum síðustu þrjá mánuði, afriti af öllum reikningum og yfirliti yfir alla innkomu hefði hún verið beðin um að koma með afrit af færslum á bankareikningi sínum.

Niðurstaða Persónuverndar var að beiðni Fjarðabyggðar um afrit af færslum um neysluútgjöld [A] vegna umsóknar hennar um sérstakar húsaleigubætur hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.46. Álit um notkun RAI-matsupplýsinga við afgreiðslu umsókna um þjónustuíbúðir - mál nr. 2015/183

Þann 6. febrúar 2015 barst Persónuvernd erindi frá Heimahjúkrun í Reykjavík, dags. sama dag, en Heimahjúkrun heyrir undir skrifstofu Heimþjónustu í deildinni „Þjónustan heim“ hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Varðaði erindið einkum aðgang Félagslegrar heimþjónustu í Reykjavík að upplýsingum úr RAI-matsgrunni, en Félagsleg heimþjónusta heyrir undir sömu skrifstofu hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða Persónuverndar var að óheimilt væri að veita Félagslegri heimþjónustu hjá Reykjavíkurborg aðgang að RAI-matsupplýsingum frá Heimahjúkrun í Reykjavík svo að upplýsingarnar mætti nýta við afgreiðslu umsókna um þjónustuíbúðir.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.47. Úrskurður um rafræna vöktun við atvinnuhúsnæði - mál nr. 2014/1117

Hinn 15. ágúst 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna uppsetningar eftirlitsmyndavéla af hálfu [B] á sameiginlegri lóð bifreiðaverkstæðis í eigu kvartanda, [C] og [B].

Í kvörtuninni kom m.a. fram að [B] hefði sett upp eftirlitsmyndavélar án þess að haldinn hefði verið húsfundur eða leitað eftir samþykki meðeigenda í sameiginlegu atvinnuhúsnæði framangreindra fyrirtækja. Þá sagði í kvörtuninni að vélarnar veittu kvartanda óþægindatilfinningu

og að honum fyndist sem vegið væri að einkalífi hans.

Niðurstaða Persónuverndar var að rafræn vöktun hjá [B] án samþykkis sameiganda að fasteign hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Nánari útlístaun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.48. Úrskurður um vinnslu upplýsinga um símtöl starfsmanna – mál nr. 2015/241

Hinn 17. febrúar 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A], [B] og [C] vegna skoðunar Hafnarfjarðarbæjar á upplýsingum um farsímanotkun þeirra. Í kvörtuninni kom fram að kvartendur væru allir bæjarfulltrúar hjá Hafnarfjarðarbæ og ættu sæti í bæjarráði sem færi með starfsmannamál og málefni fyrirtækja í eigu bæjarins. Á fundi ráðsins hinn 12. febrúar 2015 hefði bæjarstjóri farið yfir mál sem hefði verið á dagskrá hafnarstjórnar Hafnarfjarðarhafna 2. febrúar s.á. Hefði bæjarstjóri upplýst að í tengslum við það mál hefði farið fram könnun á því hvort símtal hefði átt sér stað úr sínum á vegum bæjarins til málsaðila á tilteknu tímabili. Staðfesti bæjarstjóri að símar kjörinna fulltrúa hefðu verið hluti af þeirri könnun. Töldu kvartendur að þar sem ekki hefði verið leitað eftir samþykki þeirra áður en könnun á farsímanotkun þeirra fór fram hefði Hafnarfjarðarbær og bæjarstjóri brotið gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kom meðal annars fram að bærinn hefði óskað eftir því með tölvupósti til Vodafone, sem annaðist símaþjónustu fyrir Hafnarfjarðarbæ, að látnar yrðu í té upplýsingar um símhringingar í tiltekið símanúmer á tímabilinu frá kl. 10.00-16.00 þann 14. nóvember 2014, úr símanúmerum sem skráð væru á nafn Hafnarfjarðarbæjar. Vodafone hefði hins vegar ekki svarað fyrirspurn Hafnarfjarðarbæjar eins og um hefði verið beðið heldur hefði verið sendur listi yfir símhringingar úr sínum sem skráðir voru á Hafnarfjarðarbæ á framangreindu tímabili.

Persónuvernd fór yfir afrit umrædds lista en þar var eingöngu að finna nafn eins kvartanda, þ.e. [B]. Kvartendurnir [A] og [C] voru því ekki taldir eiga aðild að málinu og var þeim hluta kvörtunarinnar sem sneri að þeim vísað frá.

Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun persónuupplýsinga frá Vodafone til Hafnarfjarðarbæjar hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Þá hefði vinnsla Hafnarfjarðarbæjar á persónuupplýsingum um kvartanda verið í þágu lögmætra hagsmuna bæjarins og í samræmi við lög nr. 77/2000. Hins vegar hefði fræðsla til hinna skráðu ekki uppfyllt skilyrði 21. gr. laganna.

Nánari útlístaun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.49. Ákvörðun um frávisun máls um meinta fölsun á umboði – mál nr. 2014/1109

Þann 2. september 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna miðlunar persónuupplýsinga um hana frá Þjóðskrá Íslands til óviðkomandi þriðja aðila, [B]. Í kvörtuninni sagði m.a. að ekki hefði legið fyrir skriflegt samþykki kvartanda fyrir miðlun persónuupplýsinga um hana og ólöggráða son hennar, sem hefðu verið afhentar á grundvelli falsaðs umboðs, en afrit þess og annarra fylgiskjala fylgdu kvörtuninni. Í kvörtuninni sagði jafnframt að Þjóðskrá Íslands hefði brotið lög með því að veita upplýsingar um kvartanda úr þjóðskrá án undirskriftar hennar.

Þann 2. september 2014 barst Persónuvernd önnur kvörtun frá [A] er laut að [B] og miðlun persónuupplýsinga um kvartanda til hans frá ríkisskattstjóra. Í þeirri kvörtun var ítrekað að fyrrnefndur [B] hefði framvísað fölsuðu umboði, í nafni kvartanda, hjá Þjóðskrá Íslands, ásamt ljósritum af skilríkjum tveggja vitundarvotta sem undirrituðu hið meinta falsaða umboð, í því skyni að komast yfir gögn um kvartanda hjá Þjóðskrá Íslands. Þá sagði einnig að [B] hefði notað fyrrnefnt umboð til að fá afhentar skattskýrslur kvartanda fyrir síðastliðin tvö ár frá Skattstofunni

í Reykjavík, sem einnig hefðu verið afhentar án skriflegs samþykkis kvartanda.

Ekki var talið að fyrir lægi að fram hefði farið sú vinnsla persónuupplýsinga hjá Ríkisskattstjóra sem kvörtunin lyti að. Var þeim þætti kvörtunarinnar því vísað frá.

Niðurstaða Persónuverndar var að sú vinnsla sem fólst í að miðla umræddum persónuupplýsingum um kvartanda til þriðja aðila hefði farið fram á grundvelli samþykkis kvartanda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þjóðskrá hefði hvorki verið ljóst, né mátt vera það ljóst, að umboðið hefði ekki talist skuldbindandi fyrir kvartanda. Úrlausn um hið meinta falsaða umboð sem [B] framvísaði hjá Þjóðskrá Íslands í nafni kvartanda félli ekki undir valdsvið Persónuverndar heldur dómstóla. Af þeirri ástæðu væri stofnuninni ekki unnt að skera úr um lögmæti þeirrar miðlunar sem fram fór um kvartanda á grundvelli umrædds umboðs. Var kvörtuninni því vísað frá.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.50. Álit um notkun kennitalna til uppflettingar – mál nr. 2015/905

Persónuvernd barst bréf frá fjárhagsupplýsingastofunni Creditinfo Lánstrausti hf. þar sem óskað var eftir álitum stofnunarinnar á skráningu kennitalna starfsmanna Íslandsbanka hf. í tengslum við fyrirspurnir sem þeir gera í skrár sem stofan heldur, nánar tiltekið vefþjónustu fyrir láns hæfismat, vanskilaskrá og svonefnda VOG, þ.e. upplýsingakerfi sem auk vanskilaskrár hefur að geyma upplýsingar um kaupmála, lögræðissviptingar og um einstaklinga sem gegnt hafa tilteknum stjórnunarstöðum.

Niðurstaða Persónuverndar var að notkun á kennitölum starfsmanna Íslandsbanka til að tryggja rekjanleika uppflettinga í vefþjónustu Creditinfo Lánstrausts hf. væri heimil.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.51. Úrskurður um umboð til upplýsingaöflunar – mál nr. 2015/586

Þann 30. mars 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] varðandi umsóknareyðublað um ferðaðþjónustu fatlaðra hjá Reykjavíkurborg. Í kvörtuninni sagði m.a. að kvartandi teldi erfitt að sjá samhengi milli þess að sækja um akstur hjá ferðaðþjónustu fatlaðra hjá Reykjavíkurborg og þeirra upplýsinga sem óskað væri eftir að umsækjendur skiluðu inn frá Tryggingastofnun ríkisins (TR), Landspítala, hjúkrunarheimilum og dagvistum. Þá benti kvartandi á að oftast væri hægt að fá upplýsingarnar frá einstaklingnum sjálfum. Rétt væri að hafa í huga að stjórnvald mætti ekki í neinum tilvikum ganga lengra en nauðsynlegt væri til að ná fram lögmætu markmiði.

Persónuvernd úrskurðaði að umboð til upplýsingaöflunar frá Tryggingastofnun ríkisins á eyðublaði Reykjavíkurborgar fyrir umsóknir um akstur hjá ferðaðþjónustu fatlaðra samrýmdist ekki kröfum laga nr. 77/2000 um meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.52. Úrskurður um andmæli við vinnslu í þágu vísindarannsókna – mál nr. 2015/259

Hinn 20. febrúar 2015 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] vegna boðs um þátttöku í rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) á erfðum einhverfu, en honum barst bréf þar sem óskað var eftir þátttöku ólögráða dóttur hans, sem greinst hafði með einhverfu, í þeirri rannsókn. Kvartað var yfir því að ekki væri unnt að segja sig úr öllum rannsóknum á vegum ÍE, bæði fyrir eigin hönd og fyrir hönd ólögráða barna sinna, og spurt var hvort nægilegt væri að annað forsjarforeldri ritaði undir slíka úrsögn, sem og um rétt einstaklings til vitneskju um hvaða upplýsingar um hann væru skráðar hjá ÍE. Auk þess var spurt hvornig öryggis rannsóknargagna væri gætt og óskað álits Persónuverndar á því hvort lög nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði samrýmdust stjórnarskrá. Þá var í kvörtun lýst þeirri afstöðu að fræðsla, sem kvartanda var veitt, hefði verið villandi. Í því sambandi vísaði kvartandi nánar tiltekið til þess að í símtali við starfsmann

Þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna (ÞR), sem hafði með höndum innköllun þátttakenda og gagnaöflun vegna rannsókna ÍE, hefði verið tekið fram að með því að haka við tiltekinn reit í samþykkisgögnum væri verið að segja sig frá öllum rannsóknum á vegum ÍE. Þessi munnlega fræðsla hefði hins vegar stangast á við hin skriflegu samþykkisgögn sem einungis hefðu gert ráð fyrir úrsögn úr rannsóknum sem viðkomandi einstaklingur kynni þegar að hafa samþykkt þátttöku í eða að öðrum kosti tilteknum rannsóknum sem hann tilgreindi sjálfur.

Niðurstaða Persónuverndar var að ekki hefði farið í bága við lög hvernig Íslensk erfðagreining ehf. veitti kost á andmælum við vinnslu persónuupplýsinga í gögnum sem send voru [A] til að óska samþykkis hans fyrir hönd dóttur sinnar fyrir þátttöku í rannsókn á erfðum einhverfu.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.53. Úrskurður um vinnslu upplýsinga um lánehæfismat – mál nr. 2014/1750

Þann 18. desember 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [X] varðandi uppflettingu Netgíró ehf. á lánehæfismati hans hjá Creditinfo Lánstrausti hf. (hér eftir Creditinfo) í desember 2014. Í kvörtuninni tilgreindi kvartandi sérstaklega að hann myndi ekki til þess að hafa ýtt á hnapp til þess að ljúka staðfestingu við skráningu í Netgíró, en þrátt fyrir það hefði verið búinn til reikningur fyrir hann hjá félaginu.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga um [X] hefði verið heimil á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Öflun Netgíró ehf. á lánehæfismati [X] hjá Creditinfo hefði hins vegar ekki samrýmt lögum nr. 77/2000.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

3.2.54. Úrskurður um afhendingu á svörum um vitræna getu – mál nr. 2015/863

Persónuvernd barst kvörtun, dags. 4. júní 2015, frá lögmannsstofu f.h. [A] og [B]. Kvartað var yfir því að [C], sérfræðingur í klínískri taugasálfræði á minnismóttöku Landspítala í Landakoti, hefði afhent lögmanni gagnaðila þeirra í dómsmáli afrit af svörum [B] við spurningalista um vitræna getu [A]. Spurningalistann fyllti [B] út tvisvar sem náinn aðstandandi [A], þ.e. [...], og var notast við hin útfylltu svör í þágu vísindarannsóknarinnar „EEG-mynstur í vægri vitrænni skerðingu: tengsl við taugasálfræðileg mynstur“. [C] var annar af ábyrgðaraðilum þeirrar rannsóknar, en hún studdist meðal annars við leyfi Persónuverndar til aðgangs að sjúkraskrá, dags. 16. mars 2009 (mál nr. 2009/176), sem veitt var með vísan til þágildandi ákvæðis 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Niðurstaða Persónuverndar var að afhending Landspítalans á svörum [B] við spurningalista um vitræna getu móðursystur sinnar hefði verið óheimil og farið í bága við kröfur um upplýsingaöryggi.

Nánari útlistun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast hér.

4. Erlent samstarf

Takmarkað fjármagn fyrir rekstur Persónuverndar hefur undanfarin ár hamlað þátttöku stofnunarinnar í erlendu samstarfi. Hér getur að líta helstu fundi sem haldnir voru á árinu 2015:

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra, lögfræðinga og tæknisérfræðinga Persónuverndarstofnana var haldinn í Helsinki 5. og 6. maí 2015. Fundinn sóttu Alma Tryggvadóttir, settur forstjóri, Þorsteinn Arnalds, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis, og Vigdís Eva Líndal lögfræðingur. Fundurinn hófst á sameiginlegri málstofu þar sem hver stofnun greindi frá helstu málum og áherslum í starfi sínu á árinu 2014. Meginefni fundarins laut að umfangsmiklum endurbótum á persónuverndarlöggjöf Evrópu, þ.m.t. Norðurlandanna, og hvernig persónuverndarstofnanirnar hygðust laga innri og ytri starfsemi sína að hinni nýju löggjöf. Þá var einnig rætt um *dóm Evrópudómstólsins í máli nr. C-131/12*, Google gegn Spáni, og áhrif hans á starfsemi norrænna persónuverndarstofnana, áframhaldandi norrænt samstarf um úttektir, birtingu persónuupplýsinga á vefsíðum stjórnvalda og notkun persónuupplýsinga í viðskiptalegum tilgangi.

Framhaldsfundur fyrir forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Helsinki þann 18. nóvember 2015. Fundinn sótti Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. Aðalumræðuefni fundarins var væntanleg ný persónuverndarlöggjöf í Evrópu. Farið var yfir aðgerðaáætlanir norrænu persónuverndarstofnananna og rætt hvernig þær gætu best búið sig undir þær miklu breytingar sem hið nýja regluverk mun hafa í för með sér.

4.2. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2015 voru haldnir sex fundir: 99. fundur var 3.-4. febrúar; 100. fundur var 14. apríl, sóttur af Teiti Skúlasyni lögfræðingi; 101. fundur var 9.-10. júní og 102. fundur var 22.-23. september. Haldinn var sérstakur aukafundur vinnuhópsins 15. október vegna hins svokallaða Safe Harbour-dóms Evrópudómstólsins C-362/14. Fundinn sótti Helga Þórisdóttir, forstjóri. Vegna hryðjuverkaógnar var 104. fundi vinnuhópsins, sem halda átti 24.-25. nóvember, frestað til 16. desember. Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2015, eru eftirtalin:

- Samanburðargreining á vefkökunotkun (Cookie sweep combined analysis)
- Yfirlýsing vinnuhópsins um sjálfvirk milliríkjaskipti á persónuupplýsingum í skattalegum tilgangi
- Skýringarrit um bindandi fyrirtækjareglur vinnsluaðila
- Álit 01/2015 um álitamál í tengslum við friðhelgi einkalífs og persónuvernd vegna notkunar flygilda
- Álit 02/2015 um C-SIG hátternisreglur um skýjavinnslu
- Yfirlýsing um innleiðingu á dómi Evrópudómstólsins frá 6. október 2015 í máli Maximilian Schrems gegn forstjóra Persónuverndarstofnunarinnar (C-362-14)
- Álit 03/2015 um drög að tilskipun um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga af hálfu lögbærra stjórnvalda til þess að fyrirbyggja, rannsaka, koma upp um eða sækja til sakar fyrir refsivert brot eða til að framkvæma hegningu, og um frjálst flæði slíkra upplýsinga
- Leiðbeiningar fyrir aðildarríki um viðmið til að tryggja að farið verði eftir persónuverndarkröfum í sambandi við sjálfvirk milliríkjaskipti á persónuupplýsingum í skattalegum tilgangi
- Uppfærsla á álit 8/2010 um gildandi lög í ljósi dóms Evrópudómstólsins í máli Google Spánar 4.2.

4.3. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

27. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Tirana, Albaníu, dagana 28.-29. september 2015. Fundurinn var ekki sóttur.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 18.–20. maí 2015 í Manchester, Englandi. Fundurinn var ekki sóttur.

Á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2015 voru fundirnir tveir, haldnir í Brussel 25. mars og 7. október. Þórður Sveinsson sótti síðari fundinn af hálfu Persónuverndar. Þegar fyrri fundurinn var haldinn þurfti hann hins vegar að sitja fund sérfræðinga EFTA á sviði Persónuverndar sem þá var einnig haldinn í Brussel. Náðist því aðeins að sitja síðasta hluta fundarins um Schengen-upplýsingakerfið.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2015, þ.e. 26. mars og 8. október. Þórður Sveinsson sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför hælisleitenda, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarsamningsins sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisumsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu 2015, þ.e. 26. mars og 8. október. Þórður Sveinsson sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

4.4. Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA á sviði persónuverndar

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Vinnuhópurinn hélt þrjú fundi á árinu 2015. Sá fyrsti var haldinn í húsakynnum EFTA í Brussel þann 25. mars 2015 en fundinn sótti Þórður Sveinsson. Annar fundur var haldinn í Brussel þann 19. júní 2015 sem ekki var unnt að sækja. Þriðji fundurinn var haldinn á Íslandi 20.-21. október 2015 í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundinn sátu, að beiðni innanríkisráðuneytisins, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Þórður Sveinsson og Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjórar hjá Persónuvernd.

Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-ríkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í landsrétt EFTA-ríkjanna. Aðalumræðuefni fundanna voru drög að nýrri Evrópureglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga (Evrópureglugerð um persónuvernd) og einstaka þættir hennar ásamt þverlægum málefnum (e. horizontal issues) tengdum innleiðingu hennar í íslenskan rétt.

4.5. Alþjóðlegt samstarf

37. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 26.-29. október 2015 í Amsterdam, Hollandi. Ráðstefnan var ekki sótt.

5. Ýmislegt fréttæmt

5.1. Umfangsmiklar endurbætur á evrópskri og íslenskri persónuverndarlöggjöf

Á árinu 2012 voru, af hálfu framkvæmdastjórnar ESB, lagðar fram tillögur að endurbótum á gildandi Evrópulöggjöf um persónuvernd í þeim tilgangi að mæta aukinni netvæðingu í heiminum. Íslensk lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, byggja á tilskipun 95/46/EB en sú tilskipun er komin nokkuð til ára sinna. Fyrirliggjandi tillögum framkvæmdastjórnarinnar var ætlað að auka persónuvernd, m.a. með því að efla sjálfsákvörðunarrétt hins skráða um hvaða persónuupplýsingar um hann unnið væri með og veita einstaklingum meiri stjórn yfir upplýsingum sínum. Einnig var markmið endurbótanna að lækka kostnað fyrirtækja í tengslum við vinnslu og meðferð persónuupplýsinga með því að einfalda regluverkið og samræma löggjöf aðildarríkja. Tillögurnar gerðu annars vegar ráð fyrir að sett yrði reglugerð um meðferð persónuupplýsinga, í þeim tilgangi að samræma reglur allra aðildarríkja innan EES og draga úr mismæmi í framkvæmd. Hins vegar var gert ráð fyrir að sett yrði tilskipun um meðferð persónuupplýsinga í lögreglumálum og við framkvæmd viðurlaga.

Þann 15. desember 2015 náðu Evrópuþingið, Evrópuráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins pólitísku samkomulagi um hina breyttu persónuverndarlöggjöf og einstök efnisatriði hinnar nýju Evrópureglugerðar. Gildissvið reglugerðarinnar er útvíkkað verulega. Í hnattrænu viðskiptaumhverfi ná ákvæði hennar til allra fyrirtækja, innan Evrópu sem og utan, sem vinna persónuupplýsingar um einstaklinga innan Evrópu.

Til að ná fyrrnefndum markmiðum um að auka persónuvernd einstaklinga var í drögunum lögð aukin skylda á þá lögaðila sem vinna með persónuupplýsingar, samskipti við eftirlitsstjórnvöld voru einfölduð og samstarf evrópskra persónuverndarstofnana aukið til muna. Þá kveða drögin á um mun ríkari sektarheimildir til handa eftirlitsstofnunum en áður hafa þekkt en alvarlegustu brotin gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum sem geta numið allt að 2,7 milljörðum króna¹ eða 4% af heildarársveltu lögaðila. Ljóst er að endurbæturnar hafa gríðarleg áhrif – jafnt fyrir almenning, aðila sem vinna persónuupplýsingar og eftirlitsstofnanir.

Nánar má lesa um endurbæturnar í frétt á heimasíðu Persónuverndar sem birtist þann 16. desember 2015.

5.2. Um málþing Persónuverndar, haldið þann 28. janúar 2015

Á evrópska persónuverndardaginn, miðvikudaginn 28. janúar 2015, fór fram málþing á vegum Persónuverndar og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins var „Rafrænt eftirlit - hvað má og hvað ekki?“.

Notkun eftirlitsmyndavéla og rafræn vöktun færist stöðugt í aukana í íslensku samfélagi, bæði í starfsemi fyrirtækja og opinberra aðila, svo sem í öryggis- eða löggæslutilgangi. Þetta hefur vakið upp spurningar um hvort vegið sé að stjórnarskrárverndaðri friðhelgi einkalífs og persónuvernd þeirra sem eftirlitinu sæta, hversu langt megi ganga í slíku eftirliti og um meðferð myndefnis sem þannig safnast. Á málþinginu voru flutt ýmis erindi er varða rafrænt eftirlit, m.a. eftirlit lögreglu á almannafæri, í verslunum og á Facebook, kosti og galla slíks eftirlits og hvaða skordur því eru settar í lögum og reglum.

¹ 20. milljón evrur umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi dagsins 6. júlí 2016.

Málþingið var mjög vel sótt. Fundarstjóri var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og formaður stjórnar Persónuverndar. Björg opnaði málþingið með stuttu erindi um rafrænt eftirlit og þá auknu möguleika sem nýjungar í stafrænni tækni bjóða upp á, oft á kostnað einkalífsverndar einstaklinga sem slíkri vöktun sæta. Þá kynnti Björg sex sérfróða aðila sem héldu erindi og stýrði umræðum og fyrirspurnum.

5.3. Persónuvernd fyrirmyndarstofnun 2015

Þann 7. maí 2015 voru niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins 2015 kynntar við hátíðlega athöfn í Norðurljósal Hörpu. Um var að ræða starfsánægjukönnun sem gerð var á vegum SFR stéttarfélags í almannajónustu. Hlaut Persónuvernd þriðju hæstu einkunn sem stofnun ársins 2015, í flokki minni stofnana, með heildareinkunnina 4,5 af 5. Fékk stofnunin af þeim sökum nafnbótina Fyrirmyndarstofnun 2015.

Könnunin náði til yfir 200 stofnana og tæplega 50 þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Stofnunum var skipt í flokka eftir stærð. Hjá Persónuvernd störfuðu á þessum tíma sjö manns og er stofnunin því í flokki minni stofnana.

Átta þættir voru mældir í könnuninni og höfðu trúverðugleiki stjórnenda, vinnuskilyrði, ánægja og stolt og ímynd stofnunarinnar mest vægi. Heildareinkunn Persónuverndar var 4,503 af 5 mögulegum en meðaltal heildareinkunna í þessum flokki var 4,1.

5.4. 89 sóttu um stöðu lögfræðings hjá Persónuvernd

Helga Sigríður Þórhallsdóttir og Gísli Páll Oddsson voru ráðin lögfræðingar hjá Persónuvernd í október. Staða lögfræðings hjá Persónuvernd var auglýst laus til umsóknar 21. ágúst 2015 og sóttu 89 einstaklingar um. Helga Sigríður lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2011 og hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2013. Hún var lögfræðingur Húseigendafélagsins frá 2010 til 2014 og starfaði eftir það hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Gísli Páll lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2013 og skipstjórnarprófi 2. stigs frá Stýrimannaskóla Reykjavíkur árið 1997. Gísli Páll kom frá lögfræðisviði Fiskistofu, þar sem hann hafði sinnt ýmsum verkefnum frá árinu 2010.

5.5. Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um öruggar hafnir dæmd ógild af Evrópudómstólum

Þann 6. október 2015 komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um öruggar hafnir væri ógild. Á grundvelli ákvörðunarinnar hafði fyrirtækjum í Evrópu verið talið heimilt að flytja persónuupplýsingar til fyrirtækja í Bandaríkjunum sem töldust svokallaðar öruggar hafnir.

Upphaf málsins má rekja til þess að einstaklingur, búsettur í Austurríki, kvartaði yfir flutningi persónuupplýsinga um sig frá Facebook á Írlandi til Bandaríkjanna. Írska persónuverndarstofnunin vísaði kvörtuninni frá þar sem ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um öruggar hafnir fæli í sér að Bandaríkin teldust veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Hæstiréttur Írlands óskaði í kjölfarið eftir forúrskurði Evrópudómstólsins um málið. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að tilvist ákvörðunarinnar kæmi ekki í veg fyrir eða takmarkaði valdheimildir persónuverndarstofnana til að leggja sjálfstætt mat á það hvort persónuupplýsingum væri veitt fullnægjandi vernd í þriðja landi á grundvelli tilskipunarinnar eða laga þess lands. Þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðunin væri ógild, m.a. á þeirri forsendu að sú staðreynd að bandarískar eftirlitsstofnanir hefðu almennan aðgang að persónuupplýsingum vægi að friðhelgi einkalífs borgaranna. Þá taldi dómstóllinn að framkvæmdastjórnin hefði ekki haft fullnægjandi heimildir til að taka ákvörðun sem hamlaði evrópskum persónuverndarstofnunum að taka

sjálfstæðar ákvarðanir um hvort fullnægjandi vernd persónuupplýsinga væri veitt hjá bandarískum fyrirtækjum.

Dóminn má nálgast hér, á vefsíðu Evrópudómstólsins.

5.6. Upplýsingar til hlutaðeigandi fyrirtækja um „Safe harbour“-dóm Evrópudómstólsins

Ef skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 eru uppfyllt er ábyrgðaraðilum heimilt að flytja persónuupplýsingar til annarra ríkja sem framfylgja tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EB. Það á jafnframt við um ríki eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Óheimilt er að flytja persónuupplýsingar til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema uppfyllt séu þau skilyrði sem tilgreind eru í 30. gr. persónuverndarlaganna.

Samkvæmt svokallaðri „Safe harbour“-ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2000/520/ESB, frá 26. júlí 2000, var fyrirtækjum heimilt að flytja persónuupplýsingar til fyrirtækja í Bandaríkjunum sem töldust svokallaðar öruggar hafnir. Ákvörðunin var heimiluð með vísan til 6. mgr. 25. gr. í tilskipun 95/46/EB og fól í sér að einstök fyrirtæki sem uppfylltu tilteknar reglur gætu verið skilgreind sem öruggar hafnir fyrir persónuupplýsingar.

Með dómi Evrópudómstólsins frá 6. október 2015 var þessi ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins dæmd ólögmæt, sbr. mál C-362/14: Maximilian Schrems gegn írsku persónuverndarstofnuninni. Dómur Evrópudómstólsins kemur til með að hafa áhrif á starfsemi þeirra íslensku fyrirtækja sem flytja persónuupplýsingar til Bandaríkjanna á grundvelli Safe harbour-ákvörðunarinnar. Þau fyrirtæki og lögaðilar sem byggja vinnslu sína á persónuupplýsingum á Safe harbour-ákvörðuninni verða því að styðjast við aðra heimild við flutning á persónuupplýsingum til Bandaríkjanna.

Upplýsingar má nálgast hér, á vefsíðu Persónuverndar.



Persónuvernd